



Greinargerð

B-hluta fyrirtækja

Við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar 2022

Efnisyfirlit

B-hluti	2
Faxaflóahafnir	2
Félagsbústaðir	8
Jafnlaunastofa	13
Orkuveita Reykjavíkur	16
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.	22
SORPA bs.	26
Strætó.....	31
Viðauki: Nánar um B-hluta fyrirtæki	36

B-hluti

Í eftirfarandi greinargerð er fjallað um rekstrarniðurstöðu og árangur einstakra fyrirtækja í B-hluta samstæðuuppgjors Reykjavíkurborgar.



Vert er að benda á að lykiltölur fyrirtækja eru ekki fullkomlega samanburðarhæfar vegna mismunandi rekstrarforma fyrirtækjanna.

Faxaflóahafnir

Faxaflóahafnir sf. (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	%	2021	Breyting	%
Rekstrartekjur	5.159	4.319	840	19%	4.145	1.015	24%
Rekstrargjöld	-3.954	-3.986	33	-1%	-3.306	-648	20%
EBITDA	2.063	1.283	780	61%	1.654	408	25%
EBIT	1.206	333	873	262%	839	367	44%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	98	7	91	1305%	12	86	703%
Óreglulegir liðir (tekjur)	2.069	-	2.069	-	-	2.069	-
Rekstrarniðurstaða	3.373	340	3.033	892%	851	2.522	296%

Rekstrarniðurstaða

Hagnaður ársins 2022 nam 3.373 m.kr. sem má að miklu leiti rekja til sölu á Hafnarhúsinu en það var afhent Reykjavíkurborg þann 1. júlí síðastliðinn. Hagnaður tímabilsins án óreglulegra liða var 1.304 m.kr. sem er töluvert betri niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir. Til samanburðar var hagnaður án óreglulegra liða 851 m.kr. fyrir árið 2021. Hagnaður fyrir afskriftir nam 2.063 m.kr. en á sama tíma árið áður nam hann 1.654 m.kr.



Rekstrartekjur

Rekstrartekjur ársins voru samtals 5.159 m.kr. eða 840 m.kr. yfir áætlun. Árið áður voru tekjur 4.145 m.kr. Allir tekjuliðir hækkuðu milli ára. Fjárhagsáætlun gerði ekki ráð fyrir þeirri miklu aukningu í komu farþegaskipa árið 2022 sem varð en varlega var farið í að meta aukningu á milli árána. Vörugjöld voru aðeins yfir áætlun og aflagjöld voru einnig nokkuð yfir áætlun sem að stærstum hluta orsakast af herra aflaverðmæti en undafarin ár. Skipagjöld og tekjur af hafnarþjónustu voru talsvert yfir áætlun þar sem skip sem koma til hafnar eru bæði fleiri og stærri en áður auk aukningar í komum skemmtiferðaskipa sem minnst var á hér að framan.

Tekjur eftir starfsþáttum (m.kr.)	2022	Áætlun 2022	Frávik	%	2021	Breyting	%
Vörugjöld	1.624	1.541	83	5,4%	1.512	112	7,4%
Aflagjöld	274	152	122	80,1%	151	122	81,0%
Skipagjöld	705	591	115	19,4%	455	250	55,0%
Eignatekjur	1.147	1.092	54	5,0%	1.060	86	8,1%
Hafnarþjónusta	941	596	345	57,9%	601	340	56,6%
Siglingavernd	454	347	107	30,7%	332	122	36,6%
Aðrar tekjur *	14	0	14		32	-18	-
	5.159	4.319	840	19,4%	4.145	1.015	24,5%

* Sala á Hafnarhúsinu tekin út þar sem hún skekkir samanburð.

Skipa- og farþegagjöld og tekjur af hafnarþjónustu og siglingavernd

Skipagjöld og hafnarþjónusta skiluðu samanlagt 1.647 m.kr. í tekjur, sem er um 32% heildartekna. Samanlagt var gert ráð fyrir 1.187 m.kr. og skila þessir liðir 460 m.kr. umfram áætlun. Aukninguna má rekja til þess að á tímabilinu jókst umferð skipa miðað við fyrra ár og að auki voru tonnastærðir þeirra meiri. Auk þess voru færslur innan hafnar tíðari en undanfarin ár.

Eignatekjur og aðrar tekjur

Leigutekjur af lóðum og fasteignum mynda stofn eignatekna sem voru aðeins yfir áætlun sem má skýra með meiri hækkun á byggingavísitölu en gert var ráð fyrir. Flestar eignir eru í langtímaútleigu.

Tekjur flokkaðar eftir hafnasvæðum

Skipting rekstrartekna eftir hafnasvæðum 2022 (m.kr.)						
Tekjuflokkur	Gamla höfnin	Sundahöfn	Grundartangi	Akranes	Önnur svæði	Alls
Vörugjöld	177	1.211	194	26		1.607
Aflagjöld	159	66		49		274
Skipagjöld	140	435	67	12	3	657
Farþegagjald	39	31				69
Eignatekjur	417	688	32	4		1.141
Hafnarþjónusta	182	545	139	20	62	948
Siglingavernd	26	369	44	6	3	449
Aðrar tekjur						14
Samtals:	1.139	3.346	475	117	69	5.159

Þegar heildarrekstrartekjur eru skoðaðar eftir hafnasvæðum má sjá að Sundahöfn er sem fyrr tekjuhæsta hafnasvæðið, en Sundahöfn er megingátt flutninga á vörum til og frá Íslandi.

Tekjur af farþegagjöldum eru komnar á svipaðan stað og fyrir Covid faraldurinn, en þá dattu tekjur niður í nánast ekki neitt.


Eignatekjur voru hæstar í Sundahöfn og aflagjöld hæst í Gömlu höfninni, enda meginhlutanum af bolfiski sem berst til hafnarinnar landað þar. Vörugjöld í Gömlu höfninni voru fyrst og fremst vegna eldsneytisinnflutnings á Eyjargarði.

Rekstrargjöld

í m.kr. Skipting rekstrargjalda eftir starfsþáttum

Rekstrargjöld Faxaflóahafna sf. árið 2022 voru 3.954 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 3.986 m.kr. Árið 2021 voru rekstrargjöld 3.306 m.kr. og hækkuðu um 20% á milli ára. Útgjöldin ráðast hins vegar ekki eingöngu af verðlagi heldur einnig sérgreindum viðhaldsverkefnum sem falla undir rekstur og geta verið mismunandi á milli ára.

Heildarrekstrargjöld voru á áætlun, en munur var á milli flokka. Mesti munur var í hafnarmannvirkjum, en þar munar 109 m.kr. eða 15,7%. Einnig var siglingavernd 23 m.kr. hærrí en áætlun sagði til um. Afskriftir voru 93 m.kr. lægri og skrifstofu- og stjórnunarkostnaður var 45 m.kr. undir áætlun. Samtals voru rekstrargjöld 33 m.kr. undir áætlun, eða tæpu 1%.



Gjöld eftir starfsþáttum (í m.kr.)	Raun 2022	Áætlun	Frávik	%	Raun 2021	Breyting	%
Hafnavirki	801	693	109	15,7%	515	286	55,6%
Eignagjöld	554	551	2	0,4%	446	459	102,9%
Hafnarþjónusta	905	934	-29	-3,1%	781	-298	-38,1%
Skrifstofu- og stjórnunark.	483	528	-45	-8,5%	448	-95	-21,1%
Siglingavernd	354	330	23	7,0%	300	53	17,7%
Afskriftir	857	950	-93	-9,8%	815	42	5,1%
Samtals	3.954	3.986	-33	-0,8%	3.306	648	19,6%

Launakostnaður

Launakostnaður hækkaði um 241 m.kr. milli ára eða 20%. Faxaflóahafnir halda úti sólarhringsvöktum í hafnarþjónustu og hafnargæslu á Grundartanga og er launakostnaður fyrirtækisins einn meginútgjaldaliður þess.

Laun og launatengd gjöld (m.kr.)	2018	2019	2020	2021	2022	2022_Á
Bækistöð	157	157	189	195	213	215
Húseignir	27	26	28	28	30	31
Grundart hafnargæsla	42	44	51	66	69	68
Hafnarþjónusta	529	614	656	628	843	796
Skrifstofa- og stjórnark.	230	253	275	304	306	323
Samtals:	984	1.095	1.200	1.220	1.461	1.432

Heildarlaunakostnaður á árinu nam 1.461 m.kr en áætlun gerði ráð fyrir 1.432 og var því 29 m.kr. yfir áætlun. Á tímabilinu þurfti að leiðrétta laun vegna yfirvinnu og vaktaálags vaktavinnustarfsmanna. Aukið álag vegna aukningar í komu skemmtiferðaskipa og vinnutímastytting hafði í för með sér aukinn launakostnað sem reynt hefur verið að bregðast við með

Stöðugildi	2018	2019	2020	2021	2022
Hafnarþjónusta	32	32	32	35	41
Bækistöð	12	12	12	13	13
Tæknideild	3	4	4	4	4
Skrifstofa	13	13	13	12	11
Húseignir	2	2	2	2	2
Siglingavernd - Umhverfismál	5	5	5	5	6
Samtals:	67	68	68	71	77

breytingum á vaktafyrirkomulagi hafnarþjónustunnar. Bætt hefur verið við mannskap, bæði föstum starfsmönnum í vaktavinnu hafnarþjónustunnar og einnig afleysingamönnum. Nokkuð hefur verið um tvöföld laun þ.e. nýir starfsmenn hafa verið ráðnir til að leysa af eldri starfsmenn og viðvera þeirra hefur skarast um nokkra mánuði í 5-6 tilvikum.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld


Tekjur af fjármunaliðum námu um 98,3 m.kr. Hagnaður fyrir fjármunaliði var sem fyrr segir 1.206 m.kr. en að teknu tilliti til fjármunaliða var hagnaður 1.304 m.kr. (án óreglulega liða).

Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 18.830 m.kr. og hafa aukist um 16% á árinu. Þar af námu fastafjármunir 13.822 m.kr. og veltufjármunir 5.007 m.kr. Heildarskuldir námu 598 m.kr. og langtímaskuldir eru engar. Eigið fé félagsins er 18.232 m.kr.

Efnahagur (m.kr.)	31.12.2022	31.12.2021	Breyting	%
Fastafjármunir	13.822	13.836	-14	-0,1%
Veltufjármunir án handb.fjár	1.322	428	895	209,3%
Handbært fé	3.685	1.909	1.776	93,0%
Eignir samtals	18.830	16.173	2.657	16,4%
Eigið fé	18.232	15.625	2.607	16,7%
Langtímaskuldir	0	0	0	
Næsta árs afborganir langt. skulda	0	100	-100	
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	598	448	149	33,3%
Skuldir samtals	598	548	49	9,0%
Skuldir og eigið fé samtals	18.830	16.173	2.657	16,4%


Sjóðstreymi



Veltufé frá rekstri var 2.142 m.kr. Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir, sem eru vegna framkvæmda á tímabilinu voru 1.009 m.kr.

Greiðsla barst vegna sölu á Hafnarhúsinu 1.100 m.kr. og eru útstandandi 985 m.kr. vegna sölunnar.

Með nettó fjárfestingu er átt við fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum að frádregnum seldum rekstrarfjármunum. Arðgreiðsla upp á 766 m.kr. var greidd til eigenda á árinu.



Fjárfestingarhreyfingar

Fjárfestingar og skipting framkvæmda eftir hafnarsvæðum						
(í m.kr.)	2018	2019	2020	2021	2022	2022Á
Gamla höfnin	252	300	519	135	292	595
Sundahöfn	995	1.040	409	88	225	565
Grundartangi	188	20	57	13	75	220
Akranes	1	15	6	17	356	415
Borgarnes	0	0	0	16	0	0
Annað	19	835	1.118	41	60	95
Samtals:	1.455	2.210	2.109	309	1.009	1.890

Fjárfestingar námu um 1.009 m.kr. en áætlað var að fjárfestingar ársins yrðu 1.890 m.kr. Stærstu verkefni ársins voru nýr hjólastígur á Fiskislóð, endurnýjun Verbúðarbryggju í Gömlu höfninni, lagnir og rafbúnaður á Faxagarði, frumhönnun og kaup á búnaði fyrir farþegaaðstöðu á Skarfabakka, rannsóknir á menguðu efni í Sundahöfn, vinna við þróunaráætlun Gömlu hafnarinnar, jarðvinna á Grundartanga í tengslum við hækkun á farmsvæðum og lóðagerð, innkaup á stáli fyrir Aðalhafnargarð á Akranesi, malbikun á svæðum Faxaflóahafna, fyrstu skrefin í LED væðingu lýsingar á svæðum Faxaflóahafna, endurnýjun á hafnarvog. Auk þessara verka voru svo fjölmörg minni verk unnin á árinu.

Rauntölur fyrir fjárfestingar ársins voru vel undir fjárhagsáætlun. Það má skýra að hluta til með því að einhver verkefni hafa verið slegin á frest vegna breyttra forsendna og hætt við önnur. Einnig hefur ástand í heiminum orðið þess valdandi að afhending rafbúnaðar á Faxagarði hefur frestast fram á nýtt ár og greiðslur þess líka. Fjárfestingar vegna stærri landtenginga við Miðbakka og í Sundahöfn hafa farið hægar af stað en áætlanir gerðu ráð fyrir. Þarfagreining og kortlagning aflþarfar skipanna er í fullum gangi en fjárfesting í búnaði og innviðum er ekki farin af stað.

Tímalína við þróun Sundahafnar hefur enn dregist þar sem megin ástæðan er óvissa vegna Sundabrautar og einnig vegna endurskoðunar á þörfum og forsendum sem gerð var á árinu.

Í fjárhagsáætlun ársins var gert ráð fyrir að farið yrði í undirbúning innviða vegna rafeldsneytisframleiðslu á Katanesi en hefur sú vinna ekki farið af stað utan matsáætlunar sem var gerð á árinu.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Faxaflóahafna fyrir árin 2018-2022:

Faxaflóahafnir	2018	2019	2020	2021	2022
Eiginfjárlutfall	91,70%	93,10%	96,30%	96,60%	96,80%
Arðsemi eigin fjár *	13,00%	6,00%	2,60%	5,70%	8,30%
Veltufjárlutfall	4,47	5,24	1,77	4,26	8,38
Langtímaskuldir/eigið fé	4,40%	3,80%	0,00%	0,00%	0,00%
Uppgreiðslutími	0,4	0,4	0	0	0
Heildarskuldir/rekstrartekjum	34,30%	26,90%	16,20%	13,00%	12,00%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	45,40%	39,40%	25,70%	39,00%	41,52%
Framlegð/rekstrartekjur	44,80%	38,90%	27,80%	39,90%	39,98%

*Án óreglulegra liða

Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Vegna uppgjors reglna um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarhlutfall borgarinnar tekið inn í samantekinn ársreikning Reykjavíkurborgar. Meðfylgjandi tafla sýnir 75% hlut borgarinnar í rekstri Faxaflóahafna:

Hlutur Reykjavíkurborgar í rekstri Faxaflóahafna	Raun 2022	Áætlun 2022	Breyting	%	Raun 2021	Breyting	%
Rekstrartekjur	3.898	3.263	635	19%	3.132	766	24%
Rekstrargjöld	-2.987	-3.012	24	-1%	-2.498	-490	20%
EBITDA	1.559	969	589	61%	1.250	309	25%
EBIT	910	252	659	262%	634	277	44%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	74	5	69	1300%	9	65	717%
Óreglulegir liðir (tekjur)	1.563	0	1.563	n/a	0	1.563	n/a
Rekstrarniðurstaða	2.548	257	2.291	892%	643	1.905	296%

- Rekstrarniðurstaða án óreglulegra liða var jákvæð um 1.304 m.kr. sem var 964 m.kr. betri niðurstaða en áætlað var.
- Hagnaður óreglulegra liða nam 2.069 og skýrist af söluhagnaði á Hafnarhúsi til Reykjavíkurborgar.
- Hagnaður af reglulegri starfsemi (EBIT) var 1.206 m.kr sem er 873 m.kr. betri niðurstaða en áætlanir gerðu ráð fyrir. Tekjur voru umfram áætlun sem einkum má rekja til hærri tekna af hafnarþjónustu en allir tekjuflokkar voru yfir áætlun.
- Kennitölur félagsins endurspeglar styrk félagsins. Eiginfjárhlutfallið er mjög sterkt og hefur félagið getu til að standa af sér mótbyr.
- Veltufjárhlutfallið er mjög sterkt 8,38 en miðað er við að það hlutfall fari ekki undir 1.
- Engin langtímalán eru á félaginu.

Ábendingar fjármála- og áhættustýringarviðs:

- Mikilvægt er að rýna fjármagnsskipan félagsins með hliðsjón af kröfum eigenda um arðsemi og eiginfjárhlutfalls.

Félagsbústaðir

Árs- og árshlutauppgjör Félagsbústaða eru gerð samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum IFRS í samræmi við 90. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Félagsbústaðir hf. (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Breyting	%	Raun 2021	Breyting	%
Rekstrartekjur	5.739	5.645	94	1,7%	5.123	616	12,0%
Rekstrargjöld	-3.295	-3.195	-100	3,1%	-2.836	-459	16,2%
Framlegð (EBITDA)	2.444	2.450	-6	-0,3%	2.287	157	6,9%
Matsbreyting fjárfestingareigna	19.959	5.913	14.045	237,5%	19.633	326	1,7%
Afskrift eigna til eigin nota	-17	-18	1	-4,3%	-20	3	-16,1%
Hrein fjármagnsgjöld	-5.930	-2.411	-3.519	145,9%	-3.408	-2.521	74,0%
Rekstrarniðurstaða	16.456	5.935	10.521	177,3%	18.491	-2.035	-11,0%

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga mega félög, sem eru með starfsemi á sviði fjárfestinga í fjárfestingaeignum, meta eignir og skuldbindingar sem þeim tengjast innan þessarar starfsemi til gangvirðis. Með fjárfestingaeign er átt við eign sem ætluð er til öflunar tekna, svo sem til útleigu, en ekki til notkunar í rekstri félagsins.

Rekstur

Rekstrartekjur Félagsbústaða á árinu 2022 námu 5.739 m.kr. og jukust um 12,0% milli ára en hækkunina má rekja til fjölgunar eigna milli ára og verðlagsbreytinga. Vísitala neysliverðs til verðtryggingar hækkaði um 9,4% á árinu 2022. Aukning tekna Félagsbústaða á tímabilinu er drifin áfram af verðlagsbreytingum.


Rekstrargjöld voru 3.295 m.kr. eða 100 m.kr. (3,1%) yfir áætlun. **Rekstur fasteigna** var 7 m.kr. (1,1%) undir áætlun, **Viðhald og framkvæmdir** voru 118 m.kr. (8,9%) yfir áætlun og **Fasteigna og brunabótaiðgjöld** voru 15 m.kr. (2,4%) yfir áætlun. Frávik frá uppfærðri áætlun í viðhaldi og framkvæmdum eru í öllum liðum en mestu frávikin eru í standsetningum milli leigjanda, 41 m.kr., og öðru, 35 m.kr. Fjölda standsetninga milli leigjenda fækkar milli ára um 6,6% en kostnaður við hverja standsetningu er að aukast um 28,4%. Frávik í liðnum „Annað“ skýrast af 2 verkefnum í Norðurbrún 1 og Hringbraut 121 sem voru ekki eignfærð að fullu þar sem hluti verkefnanna féll ekki undir skilgreiningu um eignfærðar endurbætur. Framkvæmdagjöld húsfélaga er einnig um 12 m.kr. umfram áætlun, sem má rekja m.a. til þess að úrræðið „Allir vinna“ sem kláraðist í lok ágúst 2022. Til þess að mæta auknum kostnaði voru gerðir viðaukar við fjárhagsáætlun félagsins í maí og í ágúst þar sem áætlaðar tekjur voru auknar um 150 m.kr. og áætlaður kostnaður við viðhald og framkvæmdir var aukinn til jafns en áætlaðar fjárhæðir taka mið af uppfærðri áætlun. Þá hefur kostnaði við viðhald sameigna fjölbýlishúsa að fullu í eigu Félagsbústaða verið haldið í lágmarki.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður var 589 m.kr. á tímabilinu eða 26 m.kr. undir áætlun en 61 m.kr. hærra en á sama tíma í fyrra. **Launakostnaður** hækkaði um 11,4% milli tímabila vegna kjarasamningsbundinna hækkana og fjölgunar stöðugilda en stöðugildi jukust um 1 milli tímabila úr 28 í 29. **Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður** var 15 m.kr. undir áætlun og 5 m.kr. lægri en á árinu 2021. Framlag í **afskriftarreikning viðskiptakrafna** var 7 m.kr. yfir áætlun og 24 m.kr. hærra en í fyrra. Þessi liður er mjög sveiflukenndur og oftast erfitt að spá fyrir um hann.

Gjöld eftir starfsþáttum (í m.kr.)	Raun 2022	Áætlun	Mism.	%	Raun 2021	Mism.	%
Rekstur og viðhald eignasafns							
Rekstur fasteigna	607	614	-7	-1,1%	516	91	17,6%
Viðhald og framkvæmdir	1.449	1.331	118	8,9%	1.244	205	16,5%
Fasteigna og brunabótaiðgjöld	649	634	15	2,4%	567	82	14,4%
Rekstur og viðhald eignasafns alls	2.706	2.579	126	4,9%	2.328	378	16,2%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður							
Laun og launatengd gjöld	410	428	-19	-4,3%	367	42	11,4%
Annar skrifstofu og stjórnunarkostnaður	122	137	-15	-11,1%	127	-5	-4,1%
Afskrifaðar tapaðar viðskiptakröfur	57	50	7	14,9%	33	24	73,0%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður alls	589	616	-26	-4,3%	528	61	11,6%
Rekstrargjöld alls:	3.295	3.195	100	3,1%	2.856	439	15,4%

Viðhald og framkvæmdir (í m.kr.)	Raun 2022	Áætlun	Mism.	%	Raun 2021	Mism.	%
Standsetningar milli leigjanda	541	500	41	8,3%	452	90	19,8%
Viðhald íbúða í búsetu (ófyri séð viðhald)	323	305	18	5,8%	259	63	24,4%
Viðhald sameigna	182	170	12	7,1%	205	-23	-11,4%
Framkvæmdagjöld húsfélaga	358	345	12	3,5%	328	30	9,2%
Annað	46	11	35	316,2%	0	46	-
Viðhald og framkvæmdir alls:	1.449	1.331	118	8,9%	1.244	205	16,5%

Rekstrarhagnaðarhlutfall (EBITDA%) er 42,6% eða 0,8% undir áætlun.



Efnahagur og eignasafn


Efnahagur (m.kr.)	31.12.2022	31.12.2021	Breyting	%
Fastafjármunir	148.986	124.086	24.899	20,1%
Veltufjármunir án handb.fjár	379	771	-392	-50,8%
Handbært fé	6	1.590	-1.584	-99,6%
Eignir samtals	149.370	126.447	22.923	18,1%
Eigið fé	83.767	67.311	16.456	24,4%
Skuldbindingar	8.884	5.956	2.927	49,1%
Langtímaskuldir	54.547	51.263	3.284	6,4%
Næsta árs afborganir langt. skulda	1.377	1.197	180	15,1%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	796	720	76	10,5%
Skuldir samtals	65.604	59.136	6.467	10,9%
Skuldir og eigið fé samtals	149.370	126.447	22.923	18,1%

Heildareignir félagsins námu 149.370 m.kr. í lok árs 2022 og jukust um 18,1% frá upphafi árs. Fjárfestingaeignir jukust um 20,1% eða 24.904 m.kr., fjárfest var fyrir 3.593 m.kr. og matsbreyting nam 21.311 m.kr. Við útreikning á verðmæti fjárfestingareigna er reiknuð út niðurfærsluþörf eigna vegna samspils kvaða sem á eignunum hvíla um uppsagnarfrest á bæði tímabundnum og ótímabundnum leigusamningum og svo mismunar á markaðsleigu og þeirrar leigu sem Félagsbústaðir innheimta auk þess sem einnig er tekið tillit til sérhæfðra eigna sem mögulega þyrfti að breyta eða gefa afslátt af ef kæmi til sölu á almennum markaði. Niðurfærslan var metin 2.832 m.kr. í lok árs 2022.


Eigið fé hefur hækkað um rúmlega 16.456 m.kr. frá ársbyrjun 2022 sem skýrist af matsbreytingu eigna. Eiginfjárhlutfall í lok árs 2022 er 56,1% en var 53,2% í lok árs 2021.

Félagsbústaðir festu kaup á 80 nýjum íbúðum á árinu 2022 en það er 15 íbúðum færri en áætlað var, 4 íbúðir, 3 lóðir og 3 bílskúrar voru seldir á tímabilinu. Á næstu árum er áætlað að eignasafnið stækki í takti við fjölgun íbúða í Reykjavík þannig að hlutdeild félagslegs leiguhúsnæðis sé 5% ásamt því að fjölga íbúðakjörnum fyrir fatlað fólk um 20, sem þýðir 120 íbúðir, til loka árs 2028.

Skipting leiguhúsnæðis 3.050 íbúðir




Sjóðstreymi



Engar lántökur voru á árinu 2022 en félagið fékk greidd stofnframlög frá ríki og Reykjavíkurborg 1.298 m.kr.

Veltufé frá rekstri síðastliðin 5 ár:




Veltufé frá rekstri¹ sem hlutfall af afborgunum hefur haldist stöðugt yfir 1 frá árinu 2020. Þegar hlutfallið er yfir 1 þýðir það að veltufé frá rekstri dugi fyrir afborgunum langtímalána félagsins. Æskilegt er að þetta hlutfall sé ávallt yfir 1,0.

¹ Athygli er vakin á því að veltufé frá rekstri í þessari greinargerð miðast við veltufé frá rekstri skv. hefðbundinni aðferð og þeirri aðferð er beitt fyrir öll B-hlutafélögin. Í ársreikningi Félagsbústaða er í sjóðstreymi sýnt veltufé frá rekstri án greiddra vaxta.

Fjármögnun fjárfestinga síðastliðin 5 ár:

Fjárfestingar Félagsbústaða eru fjármagnaðar með lántöku og stofnframlögum. Félagið tók engin lán árið 2022 en fjármagnaði sig með stofnframlögum og handbæru fé sem tilkomið var vegna lántöku fyrra árs.



Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Félagsbústaða árin 2018-2022 skv. gangvirðisuppgjöri:

Félagsbústaðir - gangvirðisuppgjör	2018	2019	2020	2021	2022	Markmið
Eiginfjárhluftfall	50,9%	50,4%	48,6%	53,2%	56,1%	
Arðsemi eigin fjár	5,9%	10,5%	3,1%	37,9%	24,4%	
Veltufjárhluftfall	0,14	0,65	0,52	1,23	0,18	
Langtímaskuldir/eigið fé	90,4%	94,0%	95,5%	76,2%	65,1%	
Vaxtaþekja, EBIT/netto vextir*	1,51	1,62	1,99	2,09	2,16	1,4
Skuldaþekja, EBIT/(gr. afb.+netto vextir)*	0,98	0,99	1,06	1,00	1,00	0,9
Uppgreiðslutími	61,7	53,5	44,0	43,3	42,3	
Veltufé frá rekstri í hlutfalli af greiddum afborg.	0,97	0,99	1,14	1,02	1,01	
Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum	15,4%	18,1%	23,2%	23,6%	23,0%	

EBIT án matsbreytingar fjárfestingareigna*

Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Jákvæð rekstrarniðurstaða félagsins á árinu 2022 og aukning eigin fjár má rekja til hækkunar á metnu virði fasteigna félagsins vegna hækkunar fasteignaverðs. Matsbreytingar fjárfestingareigna á tímabilinu námu 20 ma.kr. samanborið við 19,6 ma.kr. á sama tíma í fyrra og 1,7 ma.kr. á árinu 2020.
- Við mat á verðmæti eigna félagsins er annars vegar stuðst við fasteignamat íbúða félagsins sem miðast við verðlag í febrúar 2022 og hins vegar er miðað við 13,0% hækkun vísitölu íbúðaverðs í fjölbýli í Reykjavík frá febrúar til loka árs. Í því felst sú forsenda að verðmæti eigna félagsins fylgir þessari vísitölu. Reynist raunin önnur getur það kallað á leiðréttingu á mati á eignasafnsins við útgáfu næsta fasteignamats.
- Hækkun fasteignaverðs hefur jákvæð áhrif á rekstrarniðurstöðu félagsins vegna matsbreytinga en segir lítið um grunnrekstur félagsins nema að ábati af hækkun fasteignaverðs verði innleystur með sölu eigna. Til að meta stöðu grunnrekstrar er eðlilegra að horfa til rekstrarhagnaðar (EBITDA) sem hækkaði um 6,9% á milli ára, en tekjur hækkuðu um 12,0% á meðan rekstrargjöld hækkuðu um 16,2%. Tekjur félagsins fylgja vísitölu neysluverðs, sem þýðir að hækkun fasteignaverðs og byggingarkostnaðar umfram verðlag hefur neikvæð áhrif á grunnrekstur félagsins vegna aukins kostnaðar við rekstur og viðhald fasteigna og öflun nýrra eigna.
- Veltufé frá rekstri nam 1.322 m.kr. á árinu 2022 sem er aðeins hærra en afborganir lána sem voru 1.304 m.kr. Afborganir lána hafa hækkað um 9,3% milli ára vegna verðbólgu og vegna þess að stór hluti lánanna er að eldast og afborgunarhluti að vaxa. Vaxtaþekja hækkaði í 2,16 en skuldaþekja stóð í stað í 1,00 á árinu 2022 (2,09 og 1,00 á árinu 2021) og eru yfir lágmarkum sem félagið hefur sett sér þ.e. 1,4 og 0,9. Vaxtaþekja lýsir hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta og skuldaþekja mælir greiðsluhæfi fyrirtækis.
- Engar lántökur voru á árinu. Stofnframlög frá ríki og borg á tímabilinu námu samtals 1.298 m.kr. Útstandandi krafa vegna ógreiddra stofnframlaga frá ríki stóð í 88 m.kr. í lok árs 2022.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsvið:

- Mikilvægt er að tryggja sterkt veltufé frá rekstri til að standa undir afborgunum og stuðla þannig að sjálfbærni í rekstri. Frekari fjölgun nýrra og dýrari eigna getur aukið þrýsting á hækkun leigu.



Jafnlaunastofa

Jafnlaunastofa sf. er sameignarfélag í jafnri eigu Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem tók til starfa þann 1. janúar 2022. Samhliða stofnun Jafnlaunastofu fluttist Verkefnastofa starfsmats sem staðsett var á mannauðs- og starfsumhverfissviði Reykjavíkurborgar undir Jafnlaunastofu.

Jafnlaunastofa sf. (m.kr.)	Raun 2022_12	Áætlun 2022_12	Breyting	%
Rekstrartekjur	83.053	95.157	-12.104	0,0%
Rekstrargjöld	-84.811	-94.878	10.067	-10,6%
EBITDA	-1.129	1.242	-2.371	-190,9%
EBIT	-1.758	279	-2.037	-730,6%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-149	-108	8	-7,8%
Rekstrarniðurstaða	-1.907	170	-2.078	-1219%

Rekstrarniðurstaða

Tap ársins 2022 fyrir skatta nam 1.907 m.kr. sem má rekja til þess að ekki gert ráð fyrir orlofsskuldbindingu í fjárframlögum frá Reykjavíkurborg og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Úr því hefur verið bætt og hafa báðir eigendur samþykkt hækkun framlaga vegna orlofsskuldibindingar í fjárhagsáætlun 2023. Jafnlaunastofa var hóf rekstur 2022 og því ekki hægt að gera samanburð á milli ára.



ársreikningi og fjárhagsáætlun Jafnlaunastofu sf. fyrir árið 2022.

Rekstrartekjur


Rekstrartekjur á árinu 2022 námu samtals 83.053 m.kr eða 12.104 m.kr lægri en fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir. Það má rekja til þess að við stofnun Jafnlaunastofu og flutning verkefnastofu starfsmats og starfsfólks hennar undir hana voru starfsfólki tryggð að lágmarki sömu kjör og það var á í starfi hjá Reykjavíkurborg. Það reyndist ekki mögulegt í einu tilfelli vegna lífeyrisréttinda. Var því farin sú leið að Reykjavíkurborg stendur straum af launakostnaði eins stöðugildis hjá Jafnlaunastofu og er sú upphæð dregin frá framlagi Reykjavíkurborgar. Í fjárhagsáætlun Jafnlaunastofu fyrir árið 2022 er gert ráð fyrir að öll stöðugildi hafi flust til Jafnlaunastofu og því fullu framlagi Reykjavíkurborgar. Skýrir það mun á framlagi eigenda í

Tekjur flokkaðar

Þegar heildarrekstrartekjur eru skoðaðar er hægt að skipta þeim í tvennt. Fjárframlög frá Reykjavíkurborg og Sambandi íslenskra sveitarfélaga og þjónustutekjum vegna fræðslu

Rekstrargjöld

Árið 2022 voru stærstur hluti rekstrarútgjalda vegna launa og launatengdra gjalda eða alls 71.354 m.kr. Árið á undan var rekstur ekki hafin hjá Jafnlaunastofu. Mun á rekstrarútgjöldum í fjárhagsáætlun og ársreikningi má eins og fram kemur að ofan rekja til þess að Reykjavíkurborg stendur straum af launakostnaði eins stöðugildis og greiðir læri framlög sem því nemur.



Gjöld eftir starfsþáttum (í m.kr.)	Raun 2022_12	Áætlun	Mism.	%
Laun	51.595	61.586	-9.991	-16,2%
Launatengd gjöld	13.008	14.117	-1.109	-7,9%
Áfallið orlof	6.751	5.365	1.386	25,8%
Annar rekstrarkost	12.824	12.847	-23	-0,2%
	84.178	93.915	-9.737	-10,4%

Launakostnaður

Við stofnun Jafnlaunastofu og flutning verkefnastofu starfsmats og starfsfólks hennar undir hana voru starfsfólki tryggð að lágmarki sömu kjör og áður. Eins og fram hefur komið reynist það ekki mögulegt í einu tilfelli vegna lífeyrisréttinda. Var því farin sú leið að Reykjavíkurborg stendur straum af launakostnaði eins stöðugildis hjá Jafnlaunastofu og er sú upphæð dregin frá framlagi Reykjavíkurborgar. Skýrir það mun á launakostnaði í ársreikningi og fjárhagsáætlun Jafnlaunastofu sf. fyrir árið 2022.


Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Nettó fjármagnsgjöld voru 149 þ.kr., þar af námu fjármagnstekjur 61 þ.kr. og fjármagnsgjöld 210 þ.kr.

Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 11.022 m.kr.. Þar af námu fastafjármunir 2.517 m.kr. og veltufjármunir 8.505 m.kr. Heildarskuldir námu 12.603 m.kr. og langtímaskuldir voru engar. Eigið fé var neikvætt um 1.580 m.kr.

Sjóðstreymi



Veltufé frá rekstri var neikvætt um 1.278. m.kr. Breyting á eignum og skuldum var 11.576. m.kr. Fjárfest var í varanlegum eignum fyrir 3.146. m.kr. Handbært fé í lok árs var 7.638. m.kr. Engar fjárfestingar voru gerðar á árinu né greiddur út neinn arður.

Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Vegna uppgjörðs reglna um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarlutfall borgarinnar tekið inn í samantekinn ársreikning Reykjavíkurborgar. Meðfylgjandi tafla sýnir 50% hlut borgarinnar í rekstri Jafnlaunastofu sf:


Hlutur Reykjavíkurborgar í rekstri Jafnlaunastofu	Raun 2022	Áætlun 2022	Breyting	%
Rekstrartekjur	41.527	47.579	-6.052	-12,7%
Rekstrargjöld	-42.406	-47.439	5.034	-10,6%
EBITDA	-565	621	-1.186	-190,9%
EBIT	-879	140	-1.019	-730,1%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-75	-54	-21	38,0%
Rekstrarniðurstaða	-954	86	-1.039	-1215%

- Jafnlaunastofa sf. er sameignarfélag í jafnri eigu Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem tók til starfa þann 1. janúar 2022. Samhliða stofnun Jafnlaunastofu fluttist Verkefnastofa starfsmats sem staðsett var á mannauðs- og starfsumhverfissviði Reykjavíkurborgar undir Jafnlaunastofu.

Orkuveita Reykjavíkur

Orkuveita Reykjavíkur (m.kr.)	Raun 2022	Raun 2021	Breyting	%
Rekstrartekjur	56.965	51.890	5.075	9,80%
Rekstrargjöld	-35.659	-31.637	-4.022	12,70%
EBITDA	35.745	33.510	2.235	6,70%
EBIT	21.306	20.253	1.053	5,20%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-11.283	-4.056	-7.223	177,90%
Tekjuskattur	-1.582	-4.152	2.570	-61,90%
Hagnaður ársins	8.437	12.040	-3.601	-29,90%


Rekstrarniðurstaða tímabilsins var jákvæð um 8.437 m.kr. sem er lækkun um 3.601 m.kr. á milli ára, þrátt fyrir að rekstrarafkoma (EBITDA) hækki um 2,2 ma.kr. Meginskýring á lækkun afkomu er vegna breytinga á gangvirði innbyggðra afleiða sem var jákvæð um 6.573 m.kr. árið 2021 en er nú jákvæð um 942 m.kr. og breytingu á áföllnum verðbótum sem eru 7.513 m.kr. árið 2022 en voru 3.833 m.kr. árið 2021.



Rekstrartekjur hækkuðu um 5.075 m.kr. eða 9,8% milli ára, samanborið við 9,6% verðbólgu á sama tíma. Hækkunin er helst vegna aukningar í sölu á heitu vatni sem og álverðstengdri raforkusölu.

Tekjur eftir starfspáttum (í m.kr.)	Raun 2022	Raun 2021	Mism.	%
Veitukerfi	34.557	31.636	2.921	9,20%
Orkusala og framleiðsla	18.102	16.339	1.763	10,80%
Önnur starfsemi	4.306	3.915	391	10,00%
Samtals	56.965	51.890	5.075	9,80%

Tekjur skiptast á þrjá starfspætti: Veitukerfi, orkusölu og framleiðslu og aðra starfsemi. Framleiðsla og sala raforku sem og starfsemi Ljósleiðarans falla undir samkeppnisrekstur og nema tekjur af honum 35,9% af heildartekjum samstæðu OR.



Rekstrargjöld án afskrifta hækka um 2.840 m.kr. milli ára eða 15,5%. Orkukaup og flutningur hækkuðu um 846 m.kr. Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 437 m.kr. Annar rekstrarkostnaður hækkaði um 1.557 m.kr. sem skýrist m.a. af hærri rekstrarkostnaði fasteigna, leiðréttingum tengdar uppgjöri ársins 2021, hærri viðhaldskostnaði veitukerfa, kostnaði við rekstur á gerðardómsmáli, uppbyggingar á starfsemi Carbfix og verðlagstengdum hækkunum.

Gjöld eftir kostnaðarliðum (í m.kr.)	2022	2021	Mism.	%
Orkukaup og flutningar	6.718	5.872	846	14,40%
Laun og launatengd gjöld	7.939	7.502	437	5,80%
Annar rekstrarkostnaður	6.563	5.006	1.557	31,10%
	21.220	18.380	2.840	15,50%

í m.kr.

Skipting rekstrargjalda eftir kostnaðarliðum



Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld (m.kr.)	Raun 2022	Raun 2021	Mism.	%
Vaxtagjöld og greiddar verðbætur	-4.961	-4.032	-929	23,00%
Áfallnar verðbætur	-7.513	-3.833	-3.681	96,00%
Gangvirðisbreytingar	2.352	6.282	-3.930	-62,60%
Gengismunur	142	1.739	-1.598	-91,80%
Annað	-1.303	-4.212	2.909	-69,10%
Samtals	-11.283	-4.056	-7.227	178,20%

Vaxtagjöld og greiddar verðbætur hækkuðu um 929 m.kr. samanborið við sama árið 2021. Áfallnar verðbætur hækka um 3.681 m.kr. milli ára. Gengismunur lækkar um 1.598 m.kr. og önnur vaxtagjöld lækka um 2.909 m.kr. lækkun má rekja til einskíptis gjaldfærslu vaxta árið 2021 vegna uppgjörs gjaldmiðlasamninga (dómsmál). Ábyrgðagjald til eigenda lækkaði um 38 m.kr. vegna afborgunar lána sem eru í ábyrgð eigenda.

Gangvirðisbreytingar voru jákvæðar um 2.352 m.kr. samanborið við 6.282 m.kr. árið 2021. Breytingin skýrist fyrst og fremst af lækkun á álverði sem hefur neikvæð áhrif á virði innbyggðrar afleiðu en jákvæð áhrif á áhættuvarnarsamninga.

Efnahagur

Efnahagur (m.kr.)	31.12.2022	31.12.2021	Breyting	%
Fastafjármunir	417.472	373.279	44.193	11,80%
Veltufjármunir án handb.fjár, bundinna innl. og markaðsverðbr.	15.676	15.626	50	0,30%
Handbært fé, bundin innl. og markaðsverðbr.	17.722	24.977	-7.255	-29,00%
Eignir samtals	450.870	413.882	36.988	8,90%
Eigið fé	246.436	213.653	32.783	15,30%
Langtímaskuldir	174.833	171.160	3.673	2,10%
Næsta árs afborganir skt. skulda	19.805	15.188	4.617	30,40%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	9.796	13.881	-4.085	-29,40%
Skuldir samtals	204.434	200.229	4.205	2,10%
Skuldir og eigið fé samtals	450.870	413.882	36.988	8,90%

Heildareignir félagsins voru 450,9 ma.kr. í lok árs 2022 og hafa hækkað um 37 ma.kr. á árinu. Fjárfest var fyrir 20,4 ma.kr. í rekstrarfjármunum. Afskrift rekstrarfjármuna nam 14,4 ma.kr. Endurmat fastafjármuna nam 27 ma.kr. og þýðingarmunur vegna eigna félaga í samstæðunni með starfrækslugjaldmiðil í erlendri mynt nam 11,7 ma.kr. vegna veikingar íslensku krónunnar. Leigueignir í lok árs námu 2,2 ma.kr., á móti var færð leiguskuld, samtals 2,3 ma.kr.

Veltufjármunir námu samtals 33,4 ma.kr. og lækkuðu um 7,2 ma.kr. milli ára.

Heildarskuldir félagsins voru 204,4 ma.kr. í lok árs og hækkuðu um 4,2 ma.kr. Langtímaskuldir félagsins hafa hækkað um 3,7 ma.kr. Heildarafborganir lána námu 16,5 ma.kr. og lántökur námu 11,1 m.kr., áfallnar verðbætur tímabilsins námu 7,5 ma.kr. Nettóskuldir voru 153,8 ma.kr. í lok árs sem er 13,1 ma.kr. hækkun frá 2021.


Vaxtaberandi skuldir (m.kr.)	2022	2021
Vaxtaberandi skuldir 1/1	165.047	171.700
Hreyfingar með greiðsluáhrifa		
Ný lántaka	11.138	14.284
Afborganir	-16.477	-24.184
Hreyfingar án greiðsluáhrifa		
Gengismunur	3.458	-678
Verðbætur	7.640	3.925
Vaxtaberandi skuldir 31/12	170.806	165.047

Langtímaskuldir (í m.kr.)	2022	2021	Breyting	%
Langtímaskuldir í innlendri mynt	106.545	100.361	6.184	6,20%
Langtímaskuldir í erlendri mynt	64.261	64.687	-426	-0,70%
	170.806	165.048	5.758	3,50%

Sjóðstreymisfirlit gefur glögga mynd af raunverulegu peningastreymi til og frá fyrirtækinu og sýnir hvaða þættir hafa áhrif á handbært fé á tímabilinu. Myndin hér fyrir neðan sýnir breytinguna með súluriti þar sem grænar súlur sýna fjárstreymi inn í sjóð og rauðar súlur sýna fjárstreymi úr sjóði. Bláa súlan lengst til vinstri sýnir handbært fé í upphafi árs 2022 og sú sem er lengst til hægri í lok árs 2022.

Bundnar innstæður og markaðsverðbréf í lok árs 2022 voru 11,1 ma.kr. og eru ekki taldar með handbæru fé í árslok í grafinu hér að neðan.

Sjóðsteymi árið 2022 (m.kr.)



Eignabreytingar 2022

Fjárfesting **Veitna** nam 11,8 ma.kr. á tímabilinu.

- Hjá hitaveitunni voru helstu fjárfestingar vegna endurnýjunar á flutningsæð hitaveitu frá Deildartunguhver að Akranesi, heimlögnum, mælakaup og færsla á lögnum vegna breikkunar á Vesturlandsvegi um Kjalarnes.
- Í vatnsveitunni voru helstu fjárfestingar í heimæðum, færsla lagna vegna breikkunar á Vesturlandsvegi um Kjalarnes og styrkingu dreifikerfis á Akranesi.
- Hjá fráveitunni voru helstu fjárfestingar fóðrun fráveitulagna, uppbygging á nýrri skólpdælustöð í Naustavogi og tenging á hreinsistöð í Flóahverfi á Akranesi.
- Í rafmagnsdreifingu voru helstu fjárfestingar lagning háspennustrengja og dreifistöðvar í Mosfellsdal, breikkun á Vesturlandsvegi um Kjalarnes, lagning heimtauga og snjallmælur.

Fjárfesting **Orku náttúrunnar** nam 3,2 ma.kr.

- Helstu verkefni Orku náttúrunnar eru borun á orkuöflunarholu á Hellisheiði, endurbætur á rafala og blöndunarverkefni í varmaframleiðslu. Einnig var boruð boruniðurrenslishola á Nesjavöllum og endurbætur á háfum við Nesjavallavirkjun sem og var fjárfest í hleðslustöðvum til orkuskipta.

Önnur fjárfesting nam 6,1 ma.kr.

- Helstu fjárfestingar eru í áframhaldandi uppbyggingu ljósleiðarakerfis og endurbygging á höfuðstöðvum OR við Bæjarhás.

Lánshæfismat

OR er með lánshæfismat hjá tveimur matsfyrirtækjum Moody's og Fitch Ratings.

	Moody's	Fitch
Langtímaeinkun	Baa3	BBB-
Horfur	Stöðugar	Stöðugar
Útgáfudagur	sep.21	apr.21

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** OR tímabilið janúar-september árin 2018-2022:

Orkuveita Reykjavíkur	2018	2019	2020	2021	2022	Arðgreiðsluskilyrði
Eiginfjárhlutfall	47,30%	49,30%	47,70%	51,60%	54,70%	≥ 40%
Arðsemi eigin fjár	3,90%	4,00%	3,00%	6,00%	3,70%	
Veltufjárhlutfall	1	1	1,3	1,3	1,1	≥ 1
Vaxtaþekja (greiddir vextir)	5,4	5,3	5,7	6,8	6,2	≥ 3,5
ROCE	5,50%	4,50%	4,30%	5,10%	4,80%	
Nettó skuldir/handbært fé frá rekstri	6,4	6	6,1	5,5	5,9	
Handbært fé frá rekstri/Nettó skuldir	15,70%	16,80%	16,30%	18,20%	17,10%	≥ 13%
RCF/nettó skuldir	14,80%	15,70%	14,20%	15,30%	14,50%	≥ 11%

Fyrirtækið er eins og áður háð þróun ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs, en bættur rekstur og áhættuvarnir styrkja fjárhagsstöðu þess sem leitt hefur til styrkari stöðu fyrirtækisins gagnvart fjármálastofnunum á síðustu árum.

Orkuveita Reykjavíkur hóf útgáfu grænna skuldabréfa árið 2019 undir grænum skuldabréfaramma. Árið 2021 gaf OR út nýjan ramma, ramma grænnar fjármögnunar. Öll fjármögnun samstæðunnar á árinu 2022 féll undir nýja græna fjármögnunarrammann.

Á árinu nam skuldabréfaútgáfa samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur á innlendum markaði alls 7.522 m.kr. að nafnvirði. Útgáfa í óverðtryggðum flokki OR180242 GB nam alls 1.500 m.kr., útgáfa í nýjum óverðtryggðum flokki OR161126 GB nam 720 m.kr. og útgáfa í verðtryggðum flokki OR020934 nam 3.202 m.kr. Þá nam útgáfa Ljósleiðarans í flokknum GR 010641 alls 2.100 m.kr. að nafnvirði. Einnig hefur verið dregið á síðasta ádrátt frá Norræna fjárfestingabankanum 3.467 m.kr.


Framan af árinu var mikið flókt á álverði. Þannig hækkaði álverð yfir 3.600 USD/tonn fram til loka 1. ársfjórðungs en hefur á 2. ársfjórðungi lækkað og sveiflaðist í kringum 2.400 USD/tonn til loka árs. Þróun álverðs hefur áhrif á tekjur vegna raforkusölu til stóriðju, mat á virði innbyggðra afleiðna orkusölusamninga, uppgjör áhættuvarnarsamninga og gangvirðismat þeirra. Tekjufærsla vegna breytinga á virði innbyggðra afleiðna raforkusölusamninga nam 942 m.kr. á tímabilinu. Tekjufærsla vegna uppgjörs og gangvirðisbreytinga áhættuvarnarsamninga nam alls 725 m.kr. en þar á meðal eru álvarnarsamningar. Aðrir þættir sem hafa áhrif við mat gangvirðis fjármálagerninga eru gengi, vextir, áhættuálag og tími.

Áhættustýring


Hækkun vaxta getur falið í sér áhættu í rekstri og efnahag OR. Á undanförunum árum hefur OR fest vexti með nýrri lántöku á föstum vöxtum og með framvirkum samningum til að draga úr áhættu. Myndin sýnir hlutfall heildarskuldbindinga hvers árs sem ber fasta vexti m.v. stöðu 31. desember 2022.

Gerðir eru áhættuvarnarsamningar til að verja tekjur af orkusölu til stóriðju fyrir lækkun álverðs. Samningar eru gerðir nokkur misseri fram í tímann. Á myndinni má sjá varnarhlutföll álverðstengdra tekna þann 31. desember 2022.

Varnarhlutfall vaxta



Álvarnarhlutföll



Neðangreind tafla sýnir upphæðir tekna, kostnaðar og afborgana lána í erlendri mynt.

	2022	2021	Mism.	%
Tekjur í erlendri mynt	10.615	8.966	1.649	18,4%
Kostnaður í erlendri mynt	1.991	1.631	360	22,0%
Afborganir í erlendri mynt	7.351	8.362	-1.011	-12,1%

Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Grunnrekstur OR (EBITDA) hækkar á milli ára um 2.235 m.kr. eða um 6,7%. Rekstrartekjur hækkuðu um 5,1 ma.kr. eða 9,8% en rekstrargjöld hækkuðu um 4,0 ma.kr. eða 12,7%.
- Rekstarniðurstaðan var jákvæð um 8,4 ma.kr. sem er lækkun um 3,6 ma.kr. milli ára. Meginskýring á lækkun afkomu má helst rekja til fjármagnsliðar sem var neikvæður um 11,3 ma.kr. árið 2022 en var neikvæður um 4,1 ma.kr. árið 2021.
- Eignir OR jukust um 37 ma.kr. á árinu eða um 8,9%. Vaxtaberandi skuldir hækkuðu úr 165 ma.kr í 171 ma.kr. eða um 3,5%. Hækkun skulda má m.a. rekja til gengismunar og verðbóta. Eiginfjárhlutfall OR hækkaði á tímabilinu í 51,6% úr 54,7%.

- Handbært fé frá rekstri nam 23,7 ma.kr. og lækkar frá um 1,9 ma.kr milli ára. Sterk staða handbærs fjár frá rekstri gerir OR kleift að standa undir háum afborgunum.
- Kennitölur fyrirtækisins eru yfir markmiðum arðgreiðsluskilyrða.
- Gjaldeyrissáhætta OR er einkum vegna erlendra lána og einnig tekna hjá ON Power. Á árinu 2022 voru tekjur í erlendri mynt 10,6 ma.kr. á meðan kostnaður og afborganir í erlendri mynt nam 9,3 ma.kr. Er það viðsnúningur frá árinu 2021 þegar kostnaður og afborganir í erlendri mynt voru umfram tekjur í erlendri mynt.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsvið:

- Framlegð fyrirtækisins (EBITDA / rekstrartekjur) er um 62,7% og hefur veikst um 1,9%-stig miðað við sama tímabil í fyrra. Mikilvægt er að framlegð reksturs OR haldist stöðug og góð þar sem fyrirtækið er viðkvæmt vegna ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs.
- Lán sem hafa eigendaábyrgð nema um 65,1 ma.kr. en bein ábyrgð borgarsjóðs á þeim er um 60,9 ma.kr. Mikilvægt er að gera aðgerðaáætlun um hvernig þessum ábyrgðum verði mætt ef á reynir.
- Fjármála- og áhættustýringarsvið telur brýnt fyrir borgarsjóð að skilgreint sé þak á erlendar skuldir fyrirtækisins til lengri tíma, t.d. með hliðsjón af tekjum, framlegð, greiðsluflæði í erlendum myntum eða jafnvægi í efnahag og að sett séu skýr markmið um aðlögun að slíku markmiði.
- Brýnt er að endurskoða eigendastefnu félagsins og tryggja að hún nái betur utanum umfang og áskoranir dótturfélaga OR.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Breyting	%	Raun 2021	Breyting	%
Rekstrartekjur	4.325	4.153	171	4,1%	4.098	227	5,5%
Rekstrargjöld	-4.227	-4.183	-44	1,0%	-3.711	-515	13,9%
EBITDA	219	104	115	110,1%	508	-289	-56,9%
EBIT	98	-30	128	-429,8%	386	-289	-74,7%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-0,8	-14	13	-94,0%	-14	14	-94,1%
Rekstrarniðurstaða	97	-44	141	-322,2%	372	-275	-73,9%

Rekstrarniðurstaða: Rekstrarafgangur ársins nam 97 m.kr. en var um 372 m.kr. 2021. Þrátt fyrir töluvert lægri afkomu 2022 en árið á undan er afkoman betri en áætlun ársins gerði ráð fyrir. Megin skýring má rekja til hærri tekna en áætlað var, þ.e. hærri tekjur af sjúkraflutningum sem rekja má til samkomulags um þátttöku Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og Landsspítalans (LSH) í kostnaði við styttingu vinnuviku slökkviliðs- og sjúkraflutningafólks SHS. Einnig voru sértekjur hærri en gert var ráð fyrir meðal annars vegna endurgreiðslu á Covid-19 kostnaði sem féll til 2021.

Afskriftir og hreinn fjármagnskostnaður var lægri en gert var ráð fyrir, þar sem fyrirhuguðum fjárfestingum ársins að fjárhæð 400 m.kr. var frestað til 2023.

Rekstrartekjur:



Tekjur (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Breyting	%	Raun 2021	Breyting	%
Framlag eigenda til rekstrar	2.196	2.196	0	0,0%	1.982	214	10,8%
Framlag eigenda í fjárfestingasjóð	69	69	0	0,0%	123	-54	-44,1%
Framlag eigenda til almannavarnanefndar	21	21	0	0,0%	20	1	4,8%
Ríkissjóður vegna sjúkraflutninga	1.746	1.663	83	5,0%	1.582	164	10,4%
Aðrar sértekjur v/Covid	37	0	37	n/a	169	-132	n/a
Aðrar sértekjur	136	92	44	48,3%	110	26	23,3%
Húsaleigutekjur	120	113	7	6,3%	112	8	7,3%
	4.325	4.153	171	4,1%	4.098	227	5,5%

Heildartekjur ársins voru um 171 m.kr. (4%) hærri en gert var ráð fyrir 2022, þar vógu þyngst hærri tekjur af sjúkraflutningum um 83 m.kr. (5%) vegna samkomulags um kostnaðarþátttöku SÍ og LSH vegna styttingu vinnuviku sjúkraflutningafólks.

Í mars 2022 var skrifað undir nýjan samning SÍ og LSH um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu, eftir ríflega árs samningaviðræður. Samningurinn er til fimm ára og gildir frá og með 1. mars 2022 til 28. febrúar 2027. Heimilt er að framlengja hann um allt að þrjú ár með samþykki allra sammingsaðila.

Í samningnum er ákvæði um að SÍ og LSH muni bæta SHS kostnað sem hlýst af breyttu vinnufyrirkomulagi sjúkraflutningafólks enda hafi innleiðingarferlið verið í samræmi við aðferðafræði og ráðgjöf verkefnastjórnar um Betri vinnutíma. Heilmikil vinna var lögð í að komast að sameiginlegri niðurstöðu sammingsaðila og Betri vinnutíma um ríflega 11% hækkun sem byggði á framangreindri aðferðafræði Betri vinnutíma. Heilbrigðisráðuneytið ákvað hins vegar að hækkun gæti ekki verið hærri en 10% sem stjórn SHS samþykkti.

Gengið var frá samkomulagi byggt á framangreindu núna í janúar þar sem öll verð í samningnum hækkuð um 10% frá og með 1. júlí 2022. Aðrar sértekjur vegna Covid-19 voru um 37 m.kr. sem kom til vegna endurgreiðslu á útlögðum kostnaði sem féll til að



stærstum hluta 2021. Aðrar sértekjur voru um 136 m.kr. eða um 44 m.kr. hærri en áætlað var sem kemur að stærstum hluta til vegna fleiri verkefna tengt viðburðum.

Rekstrargjöld:

Gjöld (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Breyting	%	Raun 2021	Breyting	%
Launakostnaður	3.512	3.452	60	1,7%	3.041	471	15,5%
Annar rekstrarkostnaður	593	597	-4	-0,6%	548	45	8,2%
Afskriftir	121	134	-13	-9,6%	122	0	-0,4%
	4.227	4.183	44	1,0%	3.711	515	13,9%

Heildarrekstrarkostnaður ársins var um 44 m.kr. (1%) hærri en áætlað var.

Launakostnaður ársins var um 471 m.kr. (16%) hærri en 2021, þar vó þýngst kostnaður við fjölgun starfsmanna í varðliðinu um 25 stöðugildi til að dekkja mönnun vakta í tengslum við styttingu vinnuviku vaktavinnufólks. Launakostnaður var um 60 m.kr. (1,7%) hærri en áætlað, þar vó þýngst; eingreiðsla til framlínustarfsmanna vegna Covid, nýtt starfsmat nýliða í varðliðinu og hærri yfirvinnukostnaður vegna Covid veikinda starfsmanna í vaktavinnu í byrjun ársins.

Annar rekstrarkostnaður var í takt við áætlun ársins, en um 45 m.kr. (8,2%) hærri en 2021. Helstu ástæður fyrir utan verðlagshækkun er aukin starfsmannakostnaður vegna fjölgunar starfsmanna, þar með talin kaup á ýmsum búnaði.

Afskriftir voru lægri en gert var ráð fyrir þar sem stærsti hluti fyrirhugaðrar fjárfestinga var frestað til 2023.


Efnahagur:

Efnahagur (m.kr.)	31.12.2022	31.12.2021	Breyting	%
Fastafrjármunir	2.209	2.252	-43	-1,9%
Veltufrjármunir án handb.fjár	189	133	56	29,5%
Handbært fé	867	757	109	12,6%
Eignir samtals	3.265	3.143	122	3,7%
Eigið fé	2.501	2.404	97	3,9%
Langtímaskuldir	202	200	2	1,0%
Næsta árs afborganir langt. skulda	16	14	2	15,1%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	546	525	20	3,7%
Skuldir samtals	764	739	25	3,3%
Skuldir og eigið fé samtals	3.265	3.143	122	3,7%


Eiginfjárlutfall SHS í lok árs var um 76,6%, en var í lok árs 2021 um 76,5%. Eina langtímaskuld samstæðunnar er við Lánasjóð sveitarfélaga vegna láns sem tekið var vegna byggingar slökkvistöðvarinnar við Skarhólabraut í Mosfellsbæ.

Nýtt húsnæði viðbrags- og löggæsluliða á höfuðborgarsvæðinu með þátttöku SHS kallar á víðtæka endurskoðun á húsnæðismálum SHS. Á stjórnarfundum SHS núna í janúar var samþykkt að setja saman starfshóp með fulltrúum sveitarfélaganna og SHS til að fara heildstætt yfir húsnæðismál SHS. Meðal þess sem hópurinn á að skoða er ný og hentugri staðsetning slökkvistöðvar í stað stöðvarinnar við Tunguháls sem lengi hefur verið á dagskrá.

Ákveða hvort slökkvistöð verði áfram í Skógarhlíð eftir flutning á annarri starfsemi í húsinu í nýtt húsnæði viðbragðs- og löggæsluliða, eða henni fundinn annar staður að teknu tillit til viðbragðstíma. Gert er ráð fyrir að hópurinn skili af sér innan sex mánaða.



Sjóðstreymi:



Handbært fé í árslok var 867 m.kr. og hefur hækkað um 109 m.kr. á tímabilinu. Fjárfestingar tímabilsins voru samtals 91 m.kr. þ.e. viðhald húsnæðis á Tunguhálsi 22 m.kr., kaup á þremur bifreiðum fyrir varðliðið samtals 34 m.kr., endurnýjun á búningaaðstöðu í Skógarhlíð 15 m.kr. og ýmis búnaður til slökkvistarfa samtals um 20 m.kr. Tvær eldri bifreiðar voru seldar fyrir um 5 m.kr. og því var nettó fjárfesting ársins um 86 m.kr.

Í samþykktri fjárhagsáætlun 2022 var gert ráð fyrir að fjárfest verði í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir um 400 m.kr., þar vegur þýngst kaup á tveimur nýjum körfu/stigabílum, endurnýjun á slökkvibíl fyrir kjalarnesið og viðhald á húsnæði SHS, m.a. endurnýjun á búningaaðstöðu fyrir konur í Hafnarfirði.


Á árinu voru meðal annars boðin út kaup á tveimur nýjum körfu/stigabifreiðum og endurnýjun á búningaaðstöðu starfsmanna í Hafnarfirði. Niðurstöður framangreindra útboða liggja fyrir; körfu/stigabifreiðir samtals um 260 m.kr. (miðað við EUR/ISK 152,5), áætlaður afhendingartími er í byrjun árs 2024, framkvæmdir í Hafnarfirði samtals um 120 m.kr. áætluð verklok er í lok maí 2023.



Fjöldi útkalla:

Útköll á dælubíla jukust um 16% milli ára, voru 1.534 í lok árs. Þetta er mesta aukning milli ára sem SHS hefur séð og rekja má að stærstum hluta til fjölgunar útkalla vegna óveðurs og vatnstjóna.

Heildarboðanir sjúkrabíla voru 40.564 á árinu 2022, af þeim voru boðanir vegna Covid 1.084. Á árinu 2021 voru heildarboðanir um 42.154 þar af voru 5.470 vegna Covid. Aukning boðana án Covid eru því tæplega 8% milli ára. Heildarfjöldi útkalla sjúkrabíla sem verða að flutningi sjúklings voru 32.589 eða rétt rúm 80%, þetta hlutfall hefur verið í um 84% undanfarin ár. Helsta skýringin felst í fjölgun útkalla sem ekki verða að flutning, þ.e. afgreiðsla á staðnum hefur aukist úr því að vera í kringum 7% í um 11-12%.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi fjölgun sjúkraflutninga á næstu árum, þar sem þættir eins og íbúafjölgun og aldur landsmanna styðja þá tilgátu.





Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** SHS samstæðunnar árin 2018-2022:

SHS samstæðan	2018	2019	2020	2021	2022
Eiginfjárlutfall	76,7%	77,1%	74,6%	76,5%	76,6%
Arðsemi eigin fjár	4,0%	5,8%	-10,3%	15,5%	4,0%
Veltufjárlutfall	1,59	1,07	1,65	1,65	1,88
Langtímaskuldir/eigið fé	10,8%	9,9%	8,3%	8,3%	8,1%
Uppgreiðslutími	1,3	1,0	n/a	0,6	0,9
Heildarskuldir/rekstrartekjum	21,9%	21,3%	21,4%	18,0%	17,7%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	5,8%	7,3%	-2,4%	12,3%	5,5%
Framlegð (EBIDTA)/restrartekjur	4,9%	6,9%	12,4%	8,6%	5,1%

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Vegna uppgjors reglna um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarlutfall borgarinnar tekið inn í samantekinn ársreikning Reykjavíkurborgar. Meðfylgjandi tafla sýnir hlut borgarinnar í rekstri SHS miðað við ábyrgðarlutföll sem voru 56,401% árið 2022 en 56,405% árið 2021:

Hluttur Reykjavíkurborgar í rekstri SHS	Raun 2022	Áætlun 2021	Breyting	%	Raun 2021	Breyting	%
Rekstrartekjur	2.439	2.343	97	4%	2.311	128	6%
Rekstrargjöld	-2.384	-2.359	-25	1%	-2.093	-291	14%
EBITDA	124	59	65	110%	287	-163	-57%
EBIT	55	-17	72	-430%	218	-163	-75%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	0	-8	7	-94%	-8	8	-94%
Rekstrarniðurstaða	55	-25	79	-322%	210	-155	-74%


- Rekstrarniðurstaðan er 141 m.kr betri en áætlun gerði ráð fyrir og munar þar mestu um hærri tekjur af sjúkraflutningum vegna samkomulags um þátttöku Sjúkratrygginga Íslands og Landspítalans í kostnaði við styttingu vinnuvikunnar og vegna endurgreiðslu á Covid-19 kostnaði sem féll til árið 2021.
- Rekstrargjöld eru aðeins yfir áætlun vegna hærri launakostnaðar sem einkum má rekja til fjölgunar stöðugilda um 25 vegna styttingar vinnuviku vaktavinnufólks hjá varðliðinu.

SORPA bs.

SORPA bs. (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Breyting	%	Raun 2021	Breyting	%
Rekstrartekjur	5.772	5.865	-93	-1,6%	4.588	1.184	25,8%
Rekstrargjöld	-4.866	-5.247	381	-7,3%	-4.128	-738	17,9%
EBITDA	1.309	974	335	34,3%	791	518	65,5%
EBIT	906	618	288	46,6%	460	445	96,8%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgj.)	-218	-156	-62	39,9%	-129	-89	68,7%
Rekstrarniðurstaða	687	462	226	48,9%	331	356	107,7%

Rekstrarniðurstaða: Hagnaður ársins nam 687 m.kr. sem var 226 m.kr. hærrí en áætlanir gerðu ráð fyrir eða 49%. Hagnaður árið á undan var 331 m.kr. og hækkaði því um 356 m.kr. á milli ára eða 108%.

Magn úrgangs minnkar frá árinu á undan eða um 3,6% í Álfsnesi en magn í urðun minnkar en meira eða um 30%. Hækkun gjaldskrár olli aukningu í rekstrartekjum samlagsins og voru tekjur samlagsins 1.184 m.kr. hærrí en árið á undan eða 25,8%. Tekjur voru hins vegar aðeins undir áætlun eða 1,6% lægri.



Í lok ársins var veltufjárhlutfall samlagsins orðið 1,15 samanborið við 0,79 í lok ársins á undan.

Samlagið áformaði útflutning á brennanlegum úrgangi árið 2021 og fór af stað með útboðsferli sem endaði með því að öllum tilboðum var hafnað. Í kjölfarið var útboðsferlið kært af einum bjóðanda sem tafði útflutningsáformin um 8 mánuði. Í áætlun fyrir árið 2022 var gert ráð fyrir hærrí úrgangsmeðhöndlunarkostnaði vegna útflutnings á brennanlegum úrgangi og útskýrir það að hluta aukinn hagnað á árinu 2022. Samlagið stefnir á að minnka urðun og hefja útflutning á brennanlegum úrgangi árið 2023.

Lífrænn úrgangur er farinn að berast í auknu mæli til GAJA en vonir standa til að sérsöfnun á lífrænum úrgangi muni gera samlaginu kleift að framleiða gæða mólta. Starfshópur eigenda SORPU var stofnaður á árinu 2021 og stefnt er að því að hefja sérsöfnun á lífrænum straumum við heimili næstkomandi sumar. Samlagið hefur unnið markvisst að markaðsþróun metans og veruleg eftirspurn er eftir afurðinni í iðnað og stórflutninga.

Magntölur	2018	2019	2020	2021	2022	Breyting 2021-2022
Endurvinnslustöðvar gjaldtekið inn (m3)	28.970	29.968	33.534	38.118	30.807	-19,2%
Endurvinnslustöðvar út (tonn)	55.068	53.239	60.756	53.556	46.785	-12,6%
Móttökustöð (tonn)	107.523	93.125	93.569	91.145	88.958	-2,4%
Álfsnes urðunarstaður (tonn)	172.734	190.039	177.161	156.208	150.593	-3,6%
GAJA (tonn)	0	0	2.209	21.510	30.587	42,2%

Heimsóknir	2018	2019	2020	2021	2022	Breyting 2021-2022
Endurvinnslustöðvar (fjöldi ökutækja)	696.292	888.634	983.510	902.067	856.425	-5,1%
Móttökustöð (fjöldi sölup)	48.890	46.495	47.173	49.796	49.730	-0,1%
Álfsnes urðunarstaður (fjöldi sölup)	15.905	14.535	14.380	14.046	14.123	0,5%
GAJA (fjöldi sölupantana)	0	0	109	1.072	2.922	172,6%


Endurvinnslustöðvar	2018	2019	2020	2021	2022	Breyting 2021-2022
Tekjur í hliði (þkr)	126.056	156.953	182.893	218.773	236.801	8,2%
Endurnýtingarhlutfall	65,6%	65,8%	65,8%	66,8%	69,0%	3,2%

Endurvinnslustöðvar eru reknar skv. þjónustusamningi samlagsins við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Tekjur þeirra eru ávallt jafnháar gjöldum og hefur rekstur þeirra því ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu samlagsins. Umferð á endurvinnslustöðvunum minnkar aðeins á milli ára eða um 5,1%. Magn frá endurvinnslustöðvunum minnkar um 12,6% á milli ára en tekjur í hliði hækka um 8,2% á milli ára. Hlutfall þess efnis sem fer í endurvinnslu hækkar um 3,2% frá sama ári á undan.

Aðstæður á endurvinnslustöðvunum eru misgóðar þar sem magn inn á stöðvarnar hefur aukist mikið frá 2010 ásamt því að flokkum fjölgar stöðugt, plássleysi er því farið að hamlu áframhaldandi þróun stöðvanna. Kópavogsbær hefur óskað eftir að endurvinnslustöðinni á Dalvegi verði lokað í september 2024 en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvar eigi að opna aðra stöð fyrir þá íbúa sem Dalvegurinn þjónustar. Stöðinni á Sævarhöfða verður lokað og ný stöð opnar á Lambhagavegi 2024 en gert er ráð fyrir að framkvæmdir á Lambhagavegi muni hefjast á árinu 2023.

Rekstrartekjur voru 93 m.kr. undir áætlun eða 1,6% en hækkuðu um 1.184 m.kr. frá árinu á undan eða um 25,8%.

Tekjur eftir starfsþáttum (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Mism.	%	Raun 2021	Mism.	%
Gufunes	3.535	3.519	15	0,4%	2.160	1.375	63,7%
Álfsnes	2.679	2.279	400	17,6%	2.127	552	25,9%
EVST og Grenndarg.	1.740	2.172	-432	-19,9%	1.613	128	7,9%
Góði Hirðirinn	444	570	-127	-22,2%	395	49	12,5%
Innri viðskipti	-2.626	-2.676	50	-1,9%	-1.706	-921	54,0%
	5.772	5.865	-93	-1,6%	4.588	1.184	25,8%



Rekstrargjöld voru 381 m.kr. undir áætlun eða 7,3% en hækka um 738 m.kr. frá árinu á undan eða um 17,9%. Helsti munur frá áætlun er vegna:


Laun voru 4% undir áætlun eða um 73 m.kr. en hækkuðu um 16% frá árinu á undan. Fjöldi ársverka jókst úr 129 í 130.

Móttaka, flutningur og ráðstöfun úrgangs var 8% undir áætlun eða um 329 m.kr. en hækkaði um 230 m.kr. eða 16% frá árinu á undan. Þessi frávik skýrast af því að útflutningur hefur tafist en almennt verðlag hefur hækkað á milli ára.

Rekstur húsnæðis og lóðar var 27% undir áætlun eða um 159 m.kr. en hækkaði um 18% eða 66 m.kr. frá árinu á undan. Frágangur á urðunarstað og í kringum GAJA hefur tafist en vonir standa til að þær framkvæmdir klárast á árunum 2023-2024.

Rekstur endurvinnslustöðva gekk vel á tímabilinu og reyndust tekjur umfram gjöld 361 m.kr. Tekjur stöðvanna voru um 67 m.kr. undir áætlun eða 3%. Rekstrargjöld voru um 431 m.kr. undir áætlun eða 26% en magn hefur minnkað. Rekstur endurvinnslustöðva er gerður upp á núlli sem þýðir að ef tekjur ársins eru umfram rekstrargjöld er sveitarfélögum endurgreiddur rekstrarafgangur ársins og á móti ef að gjöld eru umfram tekjur að þá eru sveitarfélögin rukkuð um það sem upp á vantar.


Gjöld eftir starfsþáttum (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Mism.	%	Raun 2021	Mism.	%
Gufunes	3.439	3.308	131	4,0%	1.956	1.483	75,8%
Álfsnes	1.873	1.873	0	0,0%	1.871	2	0,1%
EVST og Grenndarg.	1.737	2.172	-435	-20,0%	1.612	125	7,7%
Góði Hirðirinn	444	570	-127	-22,2%	395	49	12,5%
Innri viðskipti	-2.626	-2.676	50	-1,9%	-1.706	-921	54,0%
	4.866	5.247	-381	-7,3%	4.128	738	17,9%




Efnahagur

Efnahagur (m.kr.)	31.12.2022	31.12.2021	Breyting	Breyt %
Fastafjármunir	8.089	7.954	135	2%
Veltufjármunir án handb.fjár	508	579	-71	-12%
Handbært fé	998	449	549	122%
Eignir samtals	9.596	8.983	613	7%
Eigið fé	5.684	4.996	687	14%
Skuldbindingar	462	444	18	4%
Langtímaskuldir	2.136	2.240	-105	-5%
Næsta árs afborganir langt. skulda	244	235	9	4%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	1.071	1.067	4	0%
Skuldir samtals	3.912	3.986	-74	-2%
Skuldir og eigið fé samtals	9.596	8.983	613	7%


Sjóðstreymi



Veltufé



Fjárfestingar



Með nettó fjárfestingu er átt við fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum að frádregnum seldum rekstrarfjármunum. Fjárfestingar á tímabilinu voru að fjárhæð 545,6 m.kr.

Eignabreytingar 2022

Fjárfestingar að fjárhæð 192,4 m.kr. voru í pöntun í lok árs 2021 og fengust afhentar á tímabilinu. Fjárfestingar á tímabilinu voru 545,6 m.kr. en fjárfestingaráætlun ársins er að fjárhæð 583,5 m.kr. Töf hefur verið á afhendingu véla og tækja í heiminum og við sjáum að fjárfestingar samlagsins hafa verið að frestast um nokkra mánuði.

Móttökustöðin í Gufunesi: Fjárfestingar á tímabilinu voru að fjárhæð 300,4 m.kr.

Álfsnes: Fjárfestingar á tímabilinu voru að fjárhæð 245,2 m.kr.

Kennitölur

Eftirfarandi tafla dregur saman kennitölur samlagsins árin 2018-2022:

SORPA	2018	2019	2020	2021	2022
Eiginfjárhluftall	75,84%	48,32%	48,65%	55,62%	59,23%
Arðsemi eigin fjár	20,68%	2,63%	-3,78%	7,94%	13,76%
Veltufjárhluftall	2,43	0,94	0,43	0,79	1,15
Skuldsetningarhlutfall	5,36%	67,50%	57,56%	44,84%	37,57%
Uppgreiðslutími	0,4	8,2	11,8	3,3	2,0
Heildarskuldir/rekstrartekjum	27,00%	105,88%	115,47%	86,88%	67,78%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	18,00%	9,00%	5,80%	16,12%	20,99%
Framlegð/rekstrartekjum	17,73%	9,69%	8,05%	17,23%	22,67%

Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Vegna uppgjörs reglna um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarhlutfall borgarinnar tekið inn í samantekin ársreikning Reykjavíkurborgar. Meðfylgjandi tafla sýnir hlut borgarinnar í rekstri SOPRU miðað við ábyrgðarhlutföll sem voru 56,401% árið 2022 en 56,405% árið 2021:

Hlutur Reykjavíkurborgar í rekstri SOPRU bs.	Raun 2022	Áætlun 2022	Mism.	%	Raun 2021	Mism.	%
Rekstrartekjur	3.255	3.308	-53	-1,6%	2.588	667	25,8%
Rekstrargjöld	-2.745	-2.960	215	-7,3%	-2.329	-416	17,9%
EBITDA	738	549	189	34,3%	446	292	65,5%
EBIT	511	348	162	46,6%	260	251	96,7%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgj.)	-123	-88	-35	39,9%	-73	-50	68,7%
Rekstrariðurstaða	388	260	127	48,9%	187	201	107,7%

- Rekstur Sorpu er farinn að standa undir fjárfestingum og afborgunum langtímalána eftir mikla endurskipulagningu á árinu 2020.
- Hagnaður samlagsins á árinu var um 687 m.kr. sem er 226 m.kr. betri afkoma en áætlun gerði ráð fyrir. Hagnaðurinn skýrist að mestu hluta af því að útflutningur brennanlegs úrgangs hefur tafist.
- Færsla endurvinnslustöðvarinnar frá Sævarhöfða og breytingar á öðrum endurvinnslustöðvum kalla á töluverðar fjárfestingar á árunum 2023-2025. Fjárfestingar í endurvinnslustöðvum greiðist beint af sveitarfélögunum með beinum fjárframlögum.
- Innleiðing á samræmdri úrgangsflokkun á höfuðborgarsvæðinu stendur yfir sem mun auka skilvirkni hjá samlaginu, lækka tilkostnað og minnka loftlagsáhrif.
- Kennitölur samlagsins eru að breytast í rétta átt. Veltufjárhlutfall er nú 1,15 miðað við 0,79 árið á undan. Arðsemi eiginfjár í lok ársins er 13,76% miðað við 7,94% árið á undan. Uppgreiðslutími langtímalána er 2 ár í lok tímabilsins miðað við 3,3 ár árið á undan.
-

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarviðs:


- Sorpa mun hefja útflutning á brennanlegum úrgangi til orkuendurvinnslu á árinu 2023 og draga verulega úr urðun í Álfsnesi. Unnið er að nýju eigendasamkomulagi um áframhaldandi urðun á óvirkum úrgangi eftir lok árs 2023. Tryggja þarf aðgang samlagsins að urðunarstað eftir að Álfsnes lokar í náginni framtíð og vinna vegna þess stendur yfir þá er einnig mikilvægt að hraða undirbúningi að framtíðarlausnum varðandi brennanlegs úrgangs og tryggja fjármögnun þeirra verkefna.
- Breytt úrgangsmeðhöndlun í átt að hringrásarhagkerfinu er dýrari en urðun því er mikilvægt að samlagið sé í stakk búið til að fjárfesta í betri meðhöndlunarfarvegum. Mikilvægt er að breytingar á gjaldskrá samlagsins endurspegli þennan vilja eigenda og samfélagsins.

Strætó

Strætó bs. (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Breyting	%	Raun 2021	Breyting	%
Rekstrartekjur	9.566	9.081	485	5%	8.603	963	11%
Rekstrargjöld	-9.932	-8.936	-996	11%	-8.715	-1.217	14%
EBITDA	-366	145	-511	-353%	-112	-254	226%
EBIT	-685	-139	-546	393%	-364	-321	88%
Fjármagnsliðir	-149	-104	-46	44%	-76	-74	97%
Rekstrarniðurstaða	-834	-243	-730	301%	-439	-395	90%

Rekstrarniðurstaða var neikvæð um 834 m.kr. (2021: 439 m.kr.), en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði neikvæð um 243 m.kr. Heimsfaraldur kórónaveiru, aukin verðbólga, olíuverðs- og launahækkningar hafa haft gríðarleg fjárhagsleg áhrif á starfsemi félagsins síðustu tvö ár og hefur fjárhagsstaða Strætó rýrnað verulega. Styrkja þarf fjárhag félagsins til framtíðar og þurfa eigendur og ríki að leita allra leiða til að bæta reksturinn. Ekki einungis til að mæta sveiflum í rekstri, heldur til að mæta auknum kröfum um sjálfbærni, orkuskiptum í samgöngum og verkefnum tengdum eflingu almenningsamgangna s.s. Borgarlínu.

Rekstrartekjur ársins voru 9.566 m.kr. sem var aukning um 963 m.kr. eða 11% frá fyrra ári, þar af var aukning í fargjaldtekjum mest eða um 22%. Farþegum fjölgaði um 17% en einnig kom til gjaldskrárhækkun seint á árinu.



Rekstrartekjur (í m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Mism.	%	Raun 2021	Mism.	%
Fargjöld	1.733	1.847	-115	-6%	1.421	312	22%
Rekstrarframlög eigenda	5.098	4.587	511	11%	4.487	611	14%
Ríkisframlag	906	910	-4	0%	1.026	-120	-12%
Pant akstursþjónusta	1.437	1.339	99	7%	1.318	120	9%
Aðrar tekjur	392	399	-7	-2%	352	40	11%
	9.566	9.081	485	5%	8.603	963	11%

Fargjöld ársins voru 1.733 m.kr. eða aukning um 22% frá fyrra ári, en 6% undir áætlun sem skýrist að mestu af áhrifum af fjöldatakmörkunum vegna heimsfaraldurs kórónaveiru fyrstu mánuði ársins 2022 sem ekki var gert ráð fyrir. Ef horft er til baka yfir árin 2020 og 2021 má rekja 1,5 - 1,7 ma.kr. tekjutap til heimsfaraldurs á meðan reynt var eftir bestu getu að halda uppi óbreyttu þjónustustigi.


Rekstrarframlag eigenda er innheimt eftir samþykktri fjárhagsáætlun, þar sem framlag fyrra árs er upp reiknað miðað við nýjstu spá Hagstofu Íslands. Notast er við strætóvísitölu, sem samanstendur af breytingu á verðlagi, þ.e. breytingu á launa-, olíu- og neysluvísitölu. Einnig greiða eigendur mismun á niðurgreiddum farmiðli til nema, öryrkja og aldraðra og almennum farmiðli. Eigendur lögðu félaginu til 520 m.kr. í október 2022. Einnig samþykktu eigendur í nóvember 2022 að auka rekstrarframlag um 520 m.kr. vegna ársins 2023.

Rekstrarframlag eigenda (í m.kr.)	Raun 2022	Raun 2021	Mism.	%
Rekstrarframlag eigenda	4.684	4.059	625	15%
Niðurgreiðsla farmiða aldraðra og öryrkja	101	120	-19	-16%
Niðurgreiðsla nemakorta	313	308	5	2%
	5.098	4.487	611	14%

Ríkisframlag er byggt á samningi frá 2012 um aukinn hlut almenningsamgangna í ferðum á höfuðborgarsvæðinu, auknu umferðaröryggi og umhverfisvernd. Samningurinn hefur verið framlengdur til 2034 og felur í sér mánaðarleg framlög af hálfu ríkissjóðs. Á árinu 2021 fékk Strætó sérstakan styrk vegna heimsfaraldurs að fjárhæð 120 m.kr. Að öðru leiti hafa framlög frá ríkissjóði verið nánast óbreytt frá upphafi þrátt fyrir miklar breytingar á rekstrarkostnaði og utanaðkomandi aðstæðum. Samningurinn felur ekki í sér verðtryggingarákvæði.

Tekjur Pant akstursþjónustu jukust um 9% milli ára sem skýrist að stærstum hluta af auknum akstri. Til staðar er samningur milli allra sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins að undanskildum Hafnarfirði og Kópavogi varðandi framkvæmd aksturs fyrir fatlað fólk, fötlúð skólabörn og eldri borgara. Sveitarfélögin greiða Strætó verktakakostnað vegna aksturs umfram fargjöld frá notendum viðkomandi sveitarfélags.

Skipting rekstrartekna




Aðrar tekjur eru þóknanir Strætó af Pant akstursþjónustu, akstri á landsbyggðinni, auglýsingatekjur og aukaakstur sveitafélaga. Aðrar tekjur jukust um 11% milli ára sem skýrist af aukaakstri innan sveitarfélaga sem ekki er hluti af rekstrarframlagi eigenda.

Fargjöld greidd af farþegum eru 18% af heildartekjum, 53% af rekstrartekjum koma frá eigendum og 9% er ríkisframlag.

Rekstrargjöld voru 996 m.kr. yfir áætlun og jukust um 1,2 ma.kr. milli ára eða 14%.

Rekstrargjöld (í m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Mism.	%	Raun 2021	Mism.	%
Laun og launatengd gjöld	3.064	3.119	-55	-2%	2.825	239	8%
Rekstur vagna og aðkeyptur akstur	4.523	3.860	663	17%	4.021	502	12%
Pant aksturþjónusta	1.437	1.339	99	7%	1.318	120	9%
Annar rekstrarkostnaður	908	619	289	47%	552	356	65%
	9.932	8.936	996	11%	8.715	1.217	14%

Skipting rekstrargjalda



Laun og launatengd gjöld jukust milli ára um 8% eða 239 m.kr. sem skýrist að stærstum hluta vegna kjarasamningsbundinna hækkana.


Pant akstursþjónusta jókst um 120 m.kr. milli ára, sem skýrist að mestu af auknum akstri, en akstur dróst verulega saman í heimsfaraldri.

Annar rekstrarkostnaður jókst mikið milli ára eða um 65%. Helsta skýringin er að í byrjun maí féll dómur í Héraðsdómi þar sem Strætó var dæmt til að greiða 205 m.kr. í skaðabætur að viðbættum dráttarvöxtum. Gjaldfærðar hafa verið 322 m.kr. vegna framangreinds máls, þar af 247 m.kr. árið 2022 sem fært er meðal annars sem rekstrarkostnaður. Niðurstöðu dóms hefur

verið áfrýjað til Landsréttar. Einnig var nokkur hækkun á tölvukostnaði en í lok árs 2021 varð Strætó fyrir tölvuárás sem hafði talsverðan aukakostnað í för með sér s.s vegna öryggisgreininga, uppfærslu á tölvubúnaði og framtíðar viðbótarvöxtun.

Rekstur vagna og aðkeyptur akstur jókst um 502 m.kr. milli ára. Hækkanir aksturs verktaka má rekja að stærstum hluta til hækkana verðlags en greiðslur til verktaka breytast í takt við breytingar á verðlagi, þ.e. breytingu á launa-, olíu- og neyslúvísitölu. Viðhalds- og viðgerðakostnaður jókst umtalsvert eða um 36% á milli ára. Kostnaður vegna orkugjafa, þ.e. olíu, rafmagns og metans hækkaði um 34% á milli ára. Þetta skýrist af mikilli hækkun á olíuverði og auknum kostnaði vegna aldurs strætisvagna. En meðalaldur vagna Strætó fer hækkandi með ári hverju á meðan ekki er fjárfest í nýjum. Bent skal á að viðgerðar- og viðhaldskostnaður hækkar umtalsvert á milli ára um leið og 5 ára aldri vagna er náð. Til að lágmarka viðgerðarkostnað er æskilegt að fjárfesta í 6 - 7 nýjum vögnum árlega.

Rekstur vagna og aðkeyptur akstur (í m.kr.)	Raun 2022	Raun 2021	Mism.	%
Aðkeyptur akstur	3.662	3.318	344	10%
Viðhalds og viðgerðakostnaður	266	195	71	36%
Orkugjafar	408	303	104	34%
Annar rekstrarkostnaður vagna	187	204	-17	-8%
	4.523	4.021	502	12%




Efnahagur

Eigið fé í lok árs var jákvætt um 10 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi og var eiginfjárlutfallið 0,3%, en var 26% 31.12.2021. Samþykkt var í október 2022 að veita Strætó viðbótarframlag að fjárhæð 520 m.kr. vegna slæmrar fjárhagsstöðu. Varanlegir fastafjármunir námu 1.561 m.kr., nýfjárfestingar námu 96 m.kr. og eru helst tilkomnar vegna áframhaldandi þróunar á greiðslukerfi. Auk þess voru fjárfestingar í innréttingum, áhöldum og tækjum á árinu. Meðal fastafjármuna er framlag til Brúar lífeyrissjóðs frá árinu 2017 sem dreift er á 20-30 ár í samræmi við leiðbeiningar frá reikningsskilanefnd sveitarfélaganna, eftirstöðvar námu 642 m.kr. í lok ársins. Handbært fé nam 539 m.kr. (2021: 466 m.kr.). Um 400 m.kr. af því fé er þó ekki hluti af fé til notkunar í daglegum rekstri heldur sérstaklega eyrnamerkt rafvagnakaupum. Ýmsar skammtímaskuldir samanstanda helst af ógreiddum launum og launatengdum gjöldum auk ógreiddra skaðabóta sem dæmdar hafa verið á félagið sem skýrir hækkun milli ára.

Efnahagur (m.kr.)	31.12.2022	31.12.2021	Breyting	%
Varanlegir fastafjármunir	1.561	1.783	-222	-12%
Fyrirframgr. kostn. Lsj. Brú	642	670	-28	-4%
Birgðir	121	104	16	16%
Viðskiptakröfur	63	36	27	75%
Kröfur á tengda aðila	166	137	29	21%
Aðrar skammtímaskröfur	62	65	-3	-4%
Handbært fé	539	466	73	16%
Eignir samtals	3.154	3.261	-107	-3%
Eigið fé	10	844	-834	-99%
Langtímaskuldir	1.644	1.256	388	31%
Viðskiptaskuldir	660	622	37	6%
Næsta árs afborgun langtímalána	108	91	17	19%
Fyrirfram innheimtar tekjur	11	0	11	100%
Ýmsar skammtímaskuldir	721	448	273	61%
Skuldir samtals	3.144	2.417	727	30%
Skuldir og eigið fé samtals	3.153	3.261	-107	-3%

Sjóðstreymi

Neikvætt sjóðstreymi til rekstrar undanfarin ár hefur verið fjármagnað með viðbótarframlögum frá eigendum auk þess sem félagið hefur tekið ný lán. Nokkur vinna hefur átt sér stað á mati fjárþarfar Strætó til lengri tíma í ljósi rekstrarvanda. Framlög á árinu 2023 ættu að tryggja félaginu viðunandi rekstrarfé út árið en fjármagna þarf þó sérstaklega uppgjör vegna skaðabótakrafna og fjárfestinga í strætisvögnum.



Kennitölur

Eftirfarandi tafla dregur saman kennitölur Strætó fyrir árin 2018-2022:

	2018	2019	2020	2021	2022
Eiginfjárhlutfall	49,0%	46,8%	39,9%	25,9%	0,3%
Arðsemi eigin fjár	-6,5%	-2,1%	-26,1%	-34,2%	-98,8%
Veltufjárhlutfall	0,9	1,2	0,8	0,7	0,7
Langtímaskuldir / eigið fé	56,3%	57,7%	77,8%	148,8%	16850,0%
Uppgreiðslutími	4,2	2,9	4,8	7,3	3,1
Heildarskuldir/rekstrartekjum	22,2%	22,6%	23,9%	28,1%	32,9%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	2,2%	3,1%	-2,0%	-1,6%	-4,4%
Framlegð (EBITDA/rekstrartekjur)	2,4%	3,3%	-1,7%	-1,3%	-3,8%

Allar kennitölur félagsins hafa versnað undanfarin ár vegna heimsfaraldurs, aukinna verðbólgu og olíuverðs- og launahækkana og lýsir erfiðri stöðu félagsins. Eiginfjárhlutfall hefur farið lækkandi og var 0,3% í árslok 2022 en var 64,2% í árslok 2017. Veltufjárhlutfallið er komið niður í 0,7 en æskilegt lágmark er 1. Kennitalan lýsir hæfni til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur á árinu og er því getan skert án nokkurra aðgerða.

Áhættustjórnun

Strætó stendur frammi fyrir ýmis konar áhættum sem tengjast starfseminni og stafa af daglegum rekstri. Áhættustýring felst í greiningu, mælingu og aðgerðum til að takmarka áhættu og stöðugri vöktun áhættuþátta.

Helstu áhættuþættir félagsins eru lausafjár- og markaðsáhætta. Fargjaldatekjur drógust verulega saman á tímum heimsfaraldurs en eftir að öllum takmörkunum var aflétt í febrúar 2022 hafa bæði tekjur og innstig aukist. Fjárfesting í vögnum hefur verið undir endurnýjunaráætlun undanfarin ár sem hefur haft þau áhrif að viðhalds- og rekstrarkostnaður hefur aukist auk þess sem vaxandi verðbólga og aukinn olíukostnaður hefur haft umtalsverð áhrif. Rekstrarfé frá eignum og viðskiptavinum hefur ekki nægt til að fjármagna endurnýjun vagna þrátt fyrir aukið fé frá eignum á síðari hluta ársins. Félagið hefur því fengið lán af markaði til að fjárfesta í ný litlum rafvögnum sem væntanlegir eru um mitt ár 2023. Skuldsetning félagsins í hlutfalli við eigið fé hefur aukist og óráðstafað eigið fé félagsins hefur dregist verulega saman og stofnframlag eigenda því rýrnað sem því nemur.

Aðili sem ekki var samið við eftir útboð á akstri á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2010, höfðaði mál á hendur Strætó þar sem krafist var viðurkenningar á skaðabótaskyldu Strætó vegna meintrar ólögmetrar og saknæmrar háttsemi við framkvæmd útboðsins. Dómur í málinu var kveðinn upp í Hæstarétti Íslands 1. júní 2017, þar sem dómur Héraðsdóms var staðfestur, þ.e. réttur stefnanda til skaðabóta úr hendi stefnda vegna missis hagnaðar og kostnaðar vegna þátttöku í forvali var viðurkenndur. Í byrjun maí féll dómur í Héraðsdómi þar sem Strætó var dæmt til að greiða 205 m.kr. í skaðabætur að viðbættum dráttarvöxtum. Gjaldært var á þessu ári 247 m.kr. en áður hafði verið færð varúðarfærsla að fjárhæð 75 m.kr.

Aðrar fjárkröfur liggja fyrir sem gætu haft fjárhagsleg áhrif á Strætó, tvær stefnur til greiðslu skaðabóta vegna framkvæmdar á samningum um tilfallandi akstur í akstursþjónustu fatlaðra. Engin skuldbinding hefur verið færð vegna þessara mála.

Fyrir liggur krafa frá Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkur vegna snemmtöku lífeyris nokkurra fyrri starfsmanna. Krafan nemur 24 m.kr. en ekki er komin niðurstaða í málið, hvorki er varðar grundvöll greiðsluskyldu né heldur endanlega fjárhæð. Ekkert hefur verið fært í reikningsskilum vegna þessa máls.

Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Vegna uppgjörs reglna um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarhlutfall borgarinnar tekið inn í samantekinn ársreikning Reykjavíkurborgar. Meðfylgjandi tafla sýnir hlut borgarinnar í rekstri Strætó miðað við ábyrgðarhlutföll sem voru 56,401% árið 2022 en 56,405% árið 2021:

Hlutur Reykjavíkurborgar í rekstri Strætó bs. (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Breyting	%	Raun 2021	Breyting	%
Rekstrartekjur	5.395	5.122	274	5%	4.852	543	11%
Rekstrargjöld	-5.602	-5.040	-562	11%	-4.916	-686	14%
EBITDA	-206	82	-288	-353%	-63	-143	226%
EBIT	-386	-78	-308	393%	-205	-181	88%
Fjármagnsliðir	-84	-58	-26	44%	-43	-41	97%
Rekstrarniðurstaða	-470	-137	-412	0	-248	-223	90%

- Farþegar ársins voru 11,1 milljón en voru 9,5 milljón árið á undan, eða fjölgun um 17% milli ára. Í desember 2022 höfðu aldrei fleiri innstig mælst í vagna frá því reglulegar mælingar á innstigum hófust.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Tap af rekstri Strætó nam 834 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 243 m.kr. tapi. Heimsfaraldur kórónuveiru, aukin verðbólga, olíuverðs- og launahækkningar hafa haft gríðarleg fjárhagsleg áhrif á starfsemi félagsins síðustu tvö ár og hefur fjárhagsstaða Strætó versnað verulega. Fyrirtækið er í miklum rekstrarvanda og eigið fé þess er nánast uppuríð. Eigendasveitarfélögin lögðu fram um 520 m.kr. viðbótarframlag til rekstrar á árinu 2022, þá miðar samþykkt áætlun 2023 við að þar til viðbótar komi annað eins viðbótarframlag. Unnið er að rýningu á rekstri samlagsins og munu tillögur um frekari aðgerðir liggja fyrir innan skamms. Ljóst er að frekari framlög og/eða gjaldskrárhækkningar geta verið nauðsynlegar árið 2023 til að rétta af rekstur fyrirtækisins.
- Kennitölur fyrirtækisins endurspeglar bága stöðu Strætó. Veltufjárhlutfall er 0,65 en æskilegt lágmark er 1. Kennitalan lýsir hæfni til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur á árinu og er því getan skert án aðgerða. Þá er eigninfjárhlutfall einungis 0,3%

Viðauki: Nánar um B-hluta fyrirtæki

Fyrirtæki í B-hluta eru afar mismunandi hvað varðar þjónustuhlutverk, rekstrarform, rekstrarumfang og fjárhagslega stöðu og styrk. Í meðfylgjandi greinargerð um B-hluta fyrirtækin er reynt í stuttu máli að varpa ljósi á rekstur, afkomu og fjárhagslega stöðu. Í þessu sambandi blasir við hvað B-hluta fyrirtækin hafa flest fjarlægst hratt borgarráð og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og þekking og innsýn í rekstur þeirra og fjárhagsstöðu fer að sama skapi dvínandi. Samtímis er ljóst að Reykjavíkurborg ber ýmist beina eða óbeina ábyrgð á þessum fyrirtækjum og þjónustuhlutverkum þeirra og afkoma fyrirtækjanna getur haft afdrifarík áhrif á stöðu A-hluta borgarsjóðs.

Byggðasamlögin, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Sorpa og Strætó, eru samrekstrarfélög sveitarfélaga sem hvert um sig ber fulla og ótakmarkaða ábyrgð á rekstrinum. Í þessu ljósi er mikilvægt að ákvarðanir um fjárhagsskipan og fjárfestingar séu teknar með virkri aðkomu borgarráðs og hlutaðeigandi bæjarráða. Þá er einnig æskilegt að hlutaðeigandi sveitarfélög fjármagni sjálf aukin framlög eigenda vegna rekstrar eða fjárfestinga byggðasamlaga fremur en að fyrirtækin safni upp skuldum. Ennfremur ættu þau að gera upp lífeyrisskuldbindingar með samtímagreiðslum.

Félagsbústaðir er hlutafélag í 100% eigu Reykjavíkurborgar sem var stofnað 8. apríl 1997 um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis sem félagslegs úrræðis á ábyrgð eigandans. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir ársreikning sinn á grundvelli gangverðs eigna enda er fyrirtækið á skuldabréfamarkaði í kauphöll. Í árslok 2020 áttu Félagsbústaðir 3.050 íbúðareiningar. Þar af voru 72,1% almennar leiguíbúðir víðs vegar um borgina, 13,2% þjónustuíbúðir fyrir aldraða, 12% íbúðir í sértækum búsetuúrræðum fyrir fatlaða einstaklinga og 1,8% íbúðareiningar fyrir heimilislausa og 0,9% húsnæði utan kjarnastarfsemi.

Fyrirtækið **Faxaflóahafnir sf.** er rekið sem sameignarfélag Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps og Borgarfjarðarsveitar og er eignarhlutur borgarsjóðs 75,5551%. Í þessu rekstrarformi felst að eigendur bera sameiginlega ábyrgð á rekstrinum. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið á og rekur fjórar hafnir, Reykjavíkurhöfn, Grundartangahöfn, Akraneshöfn og Borgarneshöfn.

Jafnlaunastofa sf. er samvinnufélag í 50% eigu Reykjavíkurborgar á móti Sambandi íslenskar sveitarfélaga, stofnað í nóvember 2021. Helsta hlutverk fyrirtækisins er að veita sveitarfélögum stuðning í jafnlaunamálum meðal annars með fræðslu og ráðgjöf, ásamt stuðningi við þróun greiningar- og matstækja sem stuðla að launajafnrétti og stuðla að gagnsæi launaákvæðana. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.

Malbikunarstöðin Höfði hf. er 99% í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og 1% í eigu Aflvaka hf. en við stofnun fyrirtækisins á árinu 1996 sameinuðust tvö borgarfyrirtæki, Malbikunarstöð Reykjavíkurborgar og Grjótnám Reykjavíkurborgar, í eitt hlutafélag. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir ársreikning sinn samkvæmt lögum um ársreikninga. Malbiksmarkaður er að mestu í höndum þriggja fyrirtækja; Höfða, Malbikstöðvarinnar og Hlaðbæjar Colas sem er í erlendri eigu.

Orkuveita Reykjavíkur er sjálfstætt þjónustufyrirtæki. Við stofnun þess árið 1999 samanstóð fyrirtækið af Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Reykjavíkur, Vatnsveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjun og Hitaveitu Borgarness. Starfssvæði Orkuveitu Reykjavíkur hefur stækkað umtalsvert og þjónustusvæðið nær nú til Suður- og Vesturlands auk höfuðborgarsvæðisins. Orkuveita Reykjavíkur sem er langstærsta fyrirtækið í B-hluta borgarinnar og stórfyrirtæki á landsvísu, er rekið sem sameignarfyrirtæki samkvæmt sérstökum lögum. Eigendur auk borgarinnar sem á 93,539% hlut eru Akraneskaupstaður og Borgarbyggð. Reikningsskilaaðferðir samkvæmt alþjóðlegum stöðlum (IFRS) voru teknar upp við gerð ársreiknings 2007.

Dótturfyrirtæki í samstæðu Orkuveitunnar eru:

Dótturfyrirtæki	Meginstarfsemi
Ljósleiðarinn ehf.	Uppbygging og rekstur ljósleiðaranets
OR Eignir ohf.	Eignarhaldsfélag
Veitur ohf.	Uppbygging og rekstur veitukerfa
Orka náttúrunnar ohf.	Vinnsla og sala rafmagns
ON Power ohf.	Vinnsla og sala rafmagns
OR vatns- og fráveita sf.	Vatns- og fráveitustarfsemi
Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf.	Ráðgjöf, rannsóknir og nýsköpun
Carbfix hf.	Ráðgjöf, rannsóknir og nýsköpun
Coda Terminal hf.	Uppbygging kolefnisförgunarstöðvar

Íþrótt- og sýningarhöllin hf. er sjálfstætt fyrirtæki í 50% eigu borgarinnar og að jafnstórum hlut í eigu Samtaka iðnaðarins. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir upp ársreikning sinn samkvæmt lögum um ársreikninga.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs er byggðasamlag sem sinnir slökkvistarfi, sjúkraflutningum, forvörnum, almannavörnum og öðrum verkefnum sem stjórn SHS ákveður hverju sinni og varða velferð íbúa, enda falli þau að tilgangi SHS og séu ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum. Stofnendur og eigendur SHS eru sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu:

Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs er í 60,8% eigu borgarsjóðs. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.

Sorpa bs er 58,3% í eigu Reykjavíkurborgar sem á það með nágrannasveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Sorpa annast urðun og meðferð sorps og rekur endurvinnslustöðvar.

Strætó bs er byggðasamlag í eigu Reykjavíkurborgar og nokkurra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Eignarhlutur borgarsjóðs er 60,3%. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn og annast almenningsgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Aflvaki er hlutafélag í 95,7% eigu Reykjavíkurborgar og fyrirtækja í samstæðu hennar. Fyrirtækið er eignarhaldsfélag og var ekki með daglegan rekstur á árinu 2022.

Þjóðarleikvangur ehf er hlutafélag í 50% eigu Reykjavíkurborgar á móti ríki og KSÍ, stofnað 12. júní 2019. Tilgangur þess er að undirbúa byggingu þjóðarleikvangs í Laugardal. Félagið stendur fyrir þarfagreiningu og verkefnaskipulagi við undirbúning og framkvæmd verkefnisins. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.